Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók Leikfélags Reykjavíkur 1933-1948

## Aðfnr. 1600, 2. hluti

Fundabók Leikfélags Reykjavíkur 1943-1948

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fundabók
Leikfélags Reykjavíkur.
1943 – 48.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1943 þann 5. júní var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó (uppi)

Formaður setti fundinn kl. 5.-

Dagskrá:

1. Stjórnin gefur bráðabirgðaskýrslu.-
2. Kosin stjórn og tveir menn í leikritavalsnefnd.-

Á fundinum mættu 28 félagsmenn en 4 mættu með umboð:-

Brynjólfur Jóhannesson mætti með umboð frá Hr. Á. Sigurðsson
Jón Aðils " " " " Alfreð Andrésson
Hallgrímur Bachmann " " " " Ingibj. Bachmann
Emil Thoroddsen " " " " Indriði Waage.

Þessi umboð voru öll tekin gild.-

Inntökubeiðnir bárust frá frú Inga Laxness og frú Emelía Jónasdóttir.- Ákveðið var að fresta atkvæðagreiðslu til framhaldsaðalfundar.-

Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar, sem var samþykkt.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér skýrði formaður frá störfum síðastliðinn vetur.-

Þann 15. október 1942 hófust sýningar á leikritinu „Hedda Gabler“ eftir H. Ibsen.

Frú Gerd Egede Nissen Grieg, kona norska skáldsins Nordahl Grieg, var leikstjóri og lék auk þess aðalhlutverkið, sem gestur félagsins.-

Þetta leikrit var sýnt 11 sinnum.-

Þann 27. nóvember var hátíðarsýning, í sambandi við listamannaþingið, á „Dansinum í Hruna“ eftir Indriða Einarsson. Indriði Waage var leikstjóri.- Dansinn var sýndur 20 sinnum.-

28. febrúar 1943 var frumsýning á sjónleiknum „Fagurt er á fjöllum“ staðfært af Emil Thoroddsen. Leikstjóri var Indriði Waage.- Sýningar 28.-

Þann 9. apríl var frumsýning á leikritinu „Orðið“ eftir danska prestinn Kaj Munk. Leikstjóri var Lárus Pálsson.- Sýningar 15.- +1

Þá hefði félagið +19 sýningar á barnaleikritinu „Óli smaladrengur“ sænskt æfintýri

+/ plus einn f. Barnad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þýtt af Guðmundi Guðmundssyni skáldi.- Leikstjórar voru
frk. Emilía Borg og frú Þóra Borg Einarsson. -
Auk þess var ein sýning á þessum barnaleik
11 fyrir „Barnavinafélagið Sumargjöf". - (95)
20 Sýningar voru því alls 94 en búist við
28 að það verði, til 2 sýningar á Orðinu í
16 viðbót. - Þá gat formaður þess, að því miður
20 hefði orðið að hætta við æfingar á óperettunni
95 „Leðurblakan" eftir Johann Strauss, vegna veikinda
frk. Sigrúnar Magnúsdóttur, en það hefði verið reynt
til hins ýtrasta að fá aðra söngkonu í
hennar stað, en ekki tekist.-

Um útkomu hvers leikrits, sagðist formaður
ekki geta sagt með nokkurri vissu, að svo
stöddu, - þó væri hægt að fullyrða, að nokkur
ágóði hefði orðið á sýningum á „Heddu Gabler". -
Á „Dansinum í Hruna" hefði orðið lítilsháttar
tap, - gróði á skopleiknum „Fagurt er á fjöllum"
en um Orðið væri ekki hægt að segja nú
þar sem það væri ekki útleikið.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldkeri les nú upp bráðabirgðareiknings-
yfirlit pr. 30. apríl 1943.- Sýnir það að nettó-
hagnaður til þess tíma muni vera Kr. 40.432.40.-

Formaður skýrði þá frá að þar sem reikningar
þessi væri miðaðir við 30. apríl og mikið hefði
veiðst leitið síðan, eða í maí, þá mætti fullyrða
að hagnaður félagsins næmi nálægt Kr. 50.000.00

Í þessu sambandi lagði hann fram
3 tillögur frá stjórn félagsins.-

1. tillaga stjórnar:

X „Stjórnin leggur til að stofnaður
verði varasjóður er eigi megi grípa til nema
undir sérstökum kringumstæðum og þá með
samþykki félagsfundar.- Stofnfé sjóðsins sé
Kr. 20.000.— tuttugu þúsund.—"

Eftir nokkrar umræður var þessi
tillaga samþykkt með samhlj. atkvæðum.-

2. tillaga stjórnar:

„Stjórnin leggur til að af ágóða
félagsins 1942-43 verði lagðar Kr. 5.000.—

– fimmþúsund – krónur í sjóð þann er gefinn var Leikfélaginu á síðastliðnum vetri og verið skal til eflingar leiklistar í Reykjavík, samkvæmt ósk gefanda. – Stjórnin leggur fyrir framhalds-aðalfund reglugjörð fyrir sjóðinn."

Brynjólfur Jóhannesson fylgdi þessari tillögu úr garði með nokkrum orðum. – Hann sagði, að eins og félagsmenn vissu hefði góður vinur Leikfélagsins afhent sér í vetur 5000.kr. til eflingar leiklistinni í Reykjavík. Með þessum peningum ætti að mynda sjóð, og það væri eindregin ósk gefanda að þessi sjóður væri aukinn sem mest; – þessvegna væri þessi tillaga meðal annars komin fram. –

Þareð ekki hefði unnist tími til að semja reglugerð fyrir þennan sjóð, var samþykkt með 11 atkv. gegn 3 að fresta atkvæðagreiðslu um tillögu þessa þar til á framhaldsaðalfundi í haust. –

3. tillaga stjórnar:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Stjórnin leggur til að á greidd kvöldkaup
leigufélagsmeðlima og fastra starfsmanna félagsins
leiguárin 1941-42 og 1942-43 verði greidd 5% -
- fimm prósent - uppbót, þó þannig að lágmarks-
uppbót verði kr. 100.- og hámark kr. 500.-"

Formaður sagði að ástæðan til þess að
stjórnin legði þessa tillögu fram væri meðal
annars sú, að nokkrar ákveðnar raddir hefðu
komið fram í vetur meðal félagsmanna um
það að greiddar yrðu uppbætur á kaup
af hagnaði félagsins að loknu leiguári.-
Til að fyrirbyggja að farið væri út í
öfgar í þessum sökum hefði stjórnin reiknað
saman greitt kvöldkaup til félagsmanna og
fastra starfsmanna tvö síðustu vetur og
næmi sú upphæð rúmlega - 200 - tvöhundruð -
þúsund krónum.- Menn gætu því séð að
ekkert vit væri í að greiða meir en 5%.-

Um þessa tillögu urðu nokkrar umræður.
Lárus Sigurbjörnsson vildi láta mynda áhættukaups-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjóð. - Formaður skýrði frá að áhöld væru keypt meir og minna í hverju starfsári, en það væri orðin vandræði með geymslu fyrir öll áhöld félagsins. -

Tillaga kom frá L. Sigurbjörnssyni svohljóðandi " Aðalfundur L. R. samþykkir að leggja fram Kr. 10 þúsund og ágóða leiksins til stofnunar áhaldakaupasjóðs, enda semji stjórn félagsins reglugjörð fyrir sjóðinn og leggi fyrir framhaldsaðalfund. Lárus Sigurbjörnsson." -

Þessi tillaga var feld með 16 atkv. gegn 5. -

3. tillaga stjórnarinnar var síðan borin upp og samþykkt með 13 atkv. gegn 6. -

Lárus Pálsson lagði fram svohljóðandi tillögu: " Í samræmi við fundarsamþykkt er gerð var á aðalfundi í " Félagi íslenskra leikara ", ákveður aðalfundur í Leikfélagi Reykjavíkur haldinn 5. júní '43 að veita stjórn Leikfélags Reykjavíkur heimild til þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að láta vissa upphæð af tekjum félagsins t.d. allan ágóða þeirrar leiksýningar ársins 1942-43, sem mestan arð gæfi, renna í sjóð „Félags ísl. leikara".- Lárus Pálsson.-

Um þessa tillögu urðu nokkrar umræður.- Hallgrímur Bachmann lagði til að upphæðin, sem ×greiða skyldi, væri kr. 2000.- - tvö þúsund krónur -, því það léti nærri að vera mestur ágóður af einni sýningu á þessum vetri.-

Tillaga Lárusar Pálssonar var síðan samþ. með þessari breytingu, með samhlj. atkvæðum.

Þá lá næst fyrir að kjósa stjórn.- En áður en stjórnarkosning fór fram tók Ævar R. Kvaran til máls og sagðist álíta að leikritavalsnefnd væri algjörlega óþörf, eins og starfssvið hennar væri nú, en þar sem nú væri of seint að leggja fram lagabreytingu um að stjórnin skipi 5 menn í stað 3. nú yrði það að bíða betri tíma.-

Þá fór fram stjórnarkosning.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður: var kosinn Valur Gíslason með 24 atkv.
Ritari : : Brynjólfur Jóhannesson : 25 atkv.
Gjaldkeri : : Þóra Borg Einarsson : 19. atkv.

Hallgrímur Bachmann, sem verið hefir gjaldkeri félagsins frá 1936 baðst undanþágu undan endurkosningu.-

Varastjórn:

Varaform. Ævar R. Kvaran
Vararitari Emilía Borg
Varagjaldkeri Hallgrímur Bachmann.-

Þá var samþykkt að fresta, til framhaldsaðalfundar, að kjósa leikritavalsnefnd en fela þeim Ævari R. Kvaran og Gesti Pálssyni, sem fyrir eru í nefndinni, að starfa með stjórninni þar til önnur skipun verður ákveðin.-

Fundurinn hafði nú staðið frá kl. 5 til 7 og þar sem ekki lá fleira fyrir var honum frestað þar til reikningar eru tilbúnir.-

Brynjólfur Jóhannesson
ritari

V. Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1943 þann 3. Október, var haldinn framhalds-aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó (uppi).-

Formaður setti fundinn kl. 2.30

Á fundardeginum voru mættir 15 með. og 1 með umboð.-

Dagskrá:

1. Inntökubeiðnir.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3.- Önnur mál.-

Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt.-

Inntökubeiðnir frá frú Ingu Laxness og frú Emilíu Jónasdóttur, sem bárust félaginu á fundi 5. júní voru nú borinar upp og samþykktar.-

Valur Gíslason mætti með umboð frá Haraldi Björnssyni: Samþykkt að taka það gilt.-

Hallgrímur Bachmann les nú upp og skýrði reikninga félagsins:

Efnahagsreikningur félagsins er svohlj.:-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** Ýmsar eignir | Kr: 10.484.73 | | |
| ÷ afskrifað pr. 31/7-43 | ÷ 10.483.73 | = Kr: | 1.00 |
| Húsáhöld | Kr: 3.543.29 | | |
| ÷ Afskrifað pr. 31/7-43 Kr. 354.33 | | | |
| " áður ÷ 754.33 | = Kr: 1108.66 | = Kr: | 2434.63 |
| **Birgðir:** Andlitsfarði | Kr. 500.- | | |
| " : Hárkollur | ÷ 1000.- | Kr: | 1.500.- |
| Ógreiddur bæjarstyrkur | | ÷ | 10.000.- |
| Ógreiddur ágóðahluti frá „Nitouche" sýninga ádeilu | | ÷ | 5.000.- |
| Í sjóði og banka | | ÷ | 30.695.89 |
| Banka-innstæða varasjóð | Kr: 20.000.- | | |
| " " Styrktarsjóð L.R. | ÷ 5.000.- | = Kr: | 25.000.- |
| | | Kr: | 74.631.52 |
| **Skuldir:** | | | |
| Ógreiddur skemmtanaskattur | | Kr. | 24.880.40 |
| Höfuðstóll pr. 1/7-1942 | Kr: 27.382.72 | | |
| Hagnaður samkv. rekstrarreikningi | ÷ 17.368.40 | | |
| | Kr: 44.751.12 | | |
| ÷ Lagt í varasjóð | ÷ 20.000.- | = Kr: | 24.751.12 |
| Varasjóður Kr. 20.000. | | | |
| Styrktarsjóður L.R. ÷ 5.000.- | | = " | 25.000.- |
| | | Kr: | 74.631.52 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nettóhagnaður á starfsárinu, er samkvæmt rekstrarreikningi Kr: 17.368.40.- Höfuðstólsreikningur Kr: 44751.12 ÷ Lagt í varasjóð Kr: 20.000.- er því Kr: 24.751.12.-

Öll tjöld, húsgögn, búningar, handrit, bækur, gervi, myndir og myndamót, sem keypt var á árinu samtals Kr. 39.542.10 var afskrifað.- Aðrar afskriftir eru: Ýmsar gamlar eignir og ljósaáhöld Kr: 10.838.06 eða samtals Kr. 50.380.16.-

Aðgöngumiðasala nam á árinu Kr: 322.878.-
Brúttótekjur af leikferð og auglýsingum " 19.366.10
Ríkisstyrkur Kr. 15.000.-
Bæjarstyrkur " 10.000.- Kr: 25.000.-

Nettótekjur af leikferð nam Kr. 8004.65

Húsaleiga á starfsárinu var greidd með Kr. 43.800.50
Skemmtanaskattur Kr. 31.541.09, sem greiddur var, var m.a. frá f. ári.-

Í sumar þann 5. júlí var farið til Akureyrar með leikritið „Orðið" eftir Kaj Munk.- Þar voru haldnar 3 sýningar þann 7. 8. og 9. júlí alltaf fyrir fullu húsi áhorfenda.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningar þess fjelags eru innifaldir í fjelagsreikningum.
Er gjaldkeri hafði lesið og skýrt reikninga voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkv.-
Þá tók til máls formaður Valur Gíslason og þakkaði Hallgrími Bachmann vel unnið starf í þágu fjelagsins.- Brynjólfur Jóhannesson, sem verið hafði samstarfsmaður Bachmanns í stjórn L.R. frá 1936 þakkaði honum einnig fyrir vel unnið starf og góða samvinnu.-
Hallgrímur Bachmann þakkaði samstarfið og sagði hann meðal annars, að eftir ~~eftir~~ alla hina góðu samvinnu sína við leikara, hefði hann nú miklu meira álit á þeim en hann hefði áður haft og hefði hann þó alltaf haft mikið og gott álit á íslenskum leikurum.-
Þá fór fram kosning tveggja manna í leikritavalsnefnd er starfa skal með stjórninni í leikritavali.- Kosnir voru Gestur Pálsson og Ævar R. Kvaran.-
Endurskoðendur: Kosinn var Sigurður Guðmundsson Alþm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og stjórninni falið að semja við Sigurð Jónsson
í fyrirtækinu A. Mencher & Co.-

Þeir Wilhelm Norðfjörð, Jón Ádils og
Óskar R. Norðan lögðu fram svohlj. tillögu:
„Við undirritaðir gerum það að tillögu okkar
að fundurinn kjósi þriggja manna nefnd er
athugi lög og rekstrarfyrirkomulag félagsins og
leggi fyrir næsta aðalfund tillögur um rekstur
þess í framtíðinni.-

Nefndin fái aðgang að öllum gögnum
félagsins.- Rvík 3/10.-43 Wilhelm Norðfjörð, Jón Ádils, Óskar R. Norðan

Jón Ádils fylgdi tillögu þessari úr garði með
nokkrum orðum.-

Lárus Sigurbjörnsson taldi ekki heppilegt að
hrófla við starfsháttum og lögum félagsins að
svo óathuguðu.-

Eftir nokkrar umræður var tillagan samþykkt
með 14 atkv. gegn 1.-

Í nefndina voru kosnir Wilhelm Norðfjörð,
Jón Ádils og Óskar R. Norðan.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lárus Sigurbjörnsson bað nú um orðið. - Hann sagði að nokkrir menn hefðu komið saman til skrafs og ráðagerða um Þjóðleikhúsmálið og eftir þær samræður hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að ef Leikfélag Reykjavíkur taki ekki strax forystuna í undirbúningsstarfi leikhússins yrði það tekið úr höndum þess. - Hann taldi m. a. nauðsynlegt að gera ráðandi mönnum í þessu máli ljóst hve bráðnauðsynlegt það væri fyrir Þjóðleikhúsið að hafa fasta leikara. - Í þessu sambandi komst hann þannig að orði: "Margir íslenskir leikarar hafa beinlínis farist af of mikilli vinnu við leiki, sem gutlarastarf."

Hr. Sigurbjörnsson gaf þær upplýsingar að nokkrir þingmenn hefðu snúið sér til stjórnar "Félags ísl. leikara" og óskað eftir tillögum frá þeim viðvíkjandi undirbúningsstarfi fyrir opnun Þjóðleikhússins. -

Brynjólfur Jóhannesson sagði, að það væri svo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

augljóst mál og sjálfsagt að forustan í þessu máli ætti að vera í höndum Húsfél. Báðir og Fél. ísl. listmra að um það þyrfti ekki að ræða á þessum fundi, en hinsvegar væri nauðsynlegt að fleiri en að mínu, fara varlega í að gera kröfur þar eð þetta mál væri sérstaklega viðkvæmt eftir það hróplega ranglæti, sem það hefði verið fyrir af stjórnmálamönnum og öðrum ráðandi mönnum þjóðarinnar. - Aðgerðarleysið og afskiftaleysinu í þessu nauðsynjamáli og menningarmáli yrði auðvitað að hætta, en þó væri rétt að fara að öllu með lempni.-

Hallgrímur Bachmann gaf þær upplýsingar að hann hefði í höndum fullkomna rafljósalögn í Þjóðleikhúsið unna af Siemens og Schuckert í Berlin, sem talið var standa mjög framarlega á því sviði, enda hefir umsjón með rafljósabúnaði og raflögnum í mjög mörgum frægustu leikhúsum meginlandsins.-

Sigurður Jónasson alþingismaður benti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á að þingmenn gerðu lítinn mun á Læknafél.
Reykjavíkur og Félagi ísl. lækna og það yrði
að koma skýrar fram, að hér væri um
tvö félög að ræða. - Annars taldi hann áhuga
þingmanna meiri nú fyrir sjúkrahúsmálinu.-

Jónas Sveinsson lagði fram svohlj. ályktun.-
„Þar sem Læknafélag Reykjavíkur hefir í hartnær
hálfa öld haldið uppi læknisþjónustunni og haft
forystu í sjúkrahúsmálefnum höfuðstaðarins, telur
aðalfundur félagsins, haldinn 3. október 1943,
sjálfsagt og eðlilegt, að félagið hafi íhlutun
um þessi mál áfram, og kýs af sinni hálfu
fimm menn í nefnd til að gera tillögur um
framtíðarskipulag læknastarfanna í sambandi við
væntanlegt sjúkrahús í Reykjavík, enda sé nefndin
eigi fullskipuð fyrr en ríkisstjórnin, bæjarstjórn
Reykjavíkur, Háskóli Íslands og Bandalag ísl. lista-
manna hafa hvert fyrir sig fallist á að eiga
samvinnu við Læknafélag Reykjavíkur um lausn
þessara mála og hafa tilnefnt hvert einn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fulltrúa í nefndina" Reykj. 3/10-43 L. Sigurbj."

Allmiklar umræður urðu um þessa ályktun en loks kom fram sameiginleg ályktun frá Lárusi Sigurbjörnssyni og Val Gíslasyni svohlj.:

„Þar sem Leikfélag Reykjavíkur hefir í hérumbil hálfa öld haldið uppi leiksýningum og hefir forystu í leiklistarmálefnum höfuðstaðarins, telur aðalfundur félagsins, haldinn 3. október 1943, sjálfsagt og eðlilegt, að félagið hafi íhlutun um þessi mál áfram, og tilnefni fulltrúa í nefnd er væntanlega verður skipuð til að gera tillögur um framtíðarskipulag leiklistarmálefna í sambandi við rekstur Þjóðleikhúss í Reykjavík.

Reykj. 3. Október 1943

Lárus Sigurbjörnsson  Valur Gíslason."

Þessi ályktun var samþykkt með atkv. allra fundarmanna

Þá lagði formaður fram svohljóðandi ályktun: „Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur lýsir ánægju sinni yfir því að hvergi sem nú á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að Þjóðleikhúsbyggingin verði rýmd.-
Skorar fundurinn á Alþingi, ríkisstjórn og Þjóðleikhúsnefnd að láta nú þegar hefja undirbúning að fullnaðarsmíði hússins."
Samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.-
Laun stjórnarinnar voru næst tekin til umræðu og lagði Oscar R. Clausen fram svohlj. tillögu studda af Hallgrími Bachmann fyrv. gjaldkera.
" Ég undirritaður geri það að tillögu minni; að laun stjórnar félagsins verði, sökum vaxandi velmegunar félagsins og aukins starfs stjórnarinnar í þágu þess, verði hækkuð úr kr.10.- miðað við grunnkaup í kr.20.- pr. fundkvöld" O. R. Clausen
Stuðningsmaður: Hallgr. Bachmann.-
Með tillögu þessari mælti endurskoðandinn Sigurður Guðmason og var hún síðan samþykkt í einu hljóði.-
Formaður þakkaði fyrir hönd stjórnar og sagði ennfremur að ætlast væri um það að gera fulla grein fyrir væntanlegu vetrarstarfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það væri ekki dæg að fella ákveðið tempó.-
Við megum ekki láast við að græða
altaf eins og síðastliðið starfsár sagði hann
að lokum og sleit síðan fundi þar sem
ekki lá fleira fyrir og var klukkan þá 4.20.-

V. Níslason

Brynjólfur Jóhannesson
ritari.

Árið 1944 þann 7. júlí var haldinn aðal-
fundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó (uppi)
Í fundarbyrjun voru mættir 25 meðlimir og
af þeim voru 9 með 13 umboð. Síðar mættu
5. Samtals 43 atkvæði.

Formaður setti fundinn klukkan rúmlega 9.
Er hann hafði sett fund minntist hann með
nokkrum orðum Emils Thoroddsen tónskálds, sem
lést síðastliðna nótt úr lungnabólgu.- Emil var
meðlimur félagsins frá 1928 og hafði þýtt
og staðfært mörg leikrit fyrir félagið og auk
þess oft verið hljómsveitarstjóri þess í leiknum sem
hann hafði og samið ýmiskonar annan skerf fyrir
leiklistarlíf bæjarins.- Formaður bað fundarmenn
að heiðra minningu Emils með því að standa
upp, og var það gjört.

Dagskrá:

1. Stjórnin gefur [illegible]skýrslu.
2. Kosin stjórn
3. Tillögur til lagabreytinga.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundinum mættu þessi með umboð:
Steingrímur Guðmundsson með umboð frá Önnu Guðmundsdóttir
Lena Pálsson " " " Jóh. Ó. Stephensen
Hjörleifur Hjörleifsson " " " Soffíu Guðlaugsdóttur
Vilhjálmur Norðfjörð " " " Kristínu Thorberg
Sigfús Halldórsson " " " Ingríði Wæge
Gunnar Bjarnason " " " Kristni Friðfinnssyni
Jón Aðils " " " Alfreð Andréssyni
— " — " " " Emilíu Jónasdóttur
— " — " " " Auroru Halldórsdóttur
Frú — " — " " " Reg. Á. Sigmundssyni
Hallgrímur Bachmann " " " Ingibjörgu Bachmann
Frú + " " " Helga Helgasyni
Haraldur Björnsson " " " Reginu Þórðardóttur
Haraldur Björnsson mætti einnig með umboð frá Gunnþórunni Halldórsdóttur er hún kom síðar á fundinn.
Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt. 120
Inntökubeiðni barst frá: Frú Kristínu Kragh

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigríðardóttur, frú Nína Sæmundsdóttir[121], Klemens Jónsson[122] og Gunnar Bjarnason[123] og voru þau öll samþykkt meðlimir félagsins.-

Formaður sagðist vilja, fyrir hönd stjórnarinnar, bera fram svohljóðandi ályktun áður en önnur fundarstörf væru tekin fyrir.-

„Að gefnu tilefni skorar aðalfundur Íþróttafélags Reykjavíkur haldinn 7. júlí 1944, á Alþingi að breyta í engu lögum um skemmtanaskatt."

Tillögu til áskorunar þessarar bætti hann við því að Íþróttasamband Íslands samþykkti í aðalfundi áskorun til Alþingis um að íþróttastarfsemin í landinu fengi „verulegan hluta af skemmtanaskattinum."

Til máls tóku, auk formanns, þeir Kristjáns Jóhannsson, Hjörleifur Hjörleifsson og Baldur Björnsson, er gaf þá skýringu að tekjur þess séu upphaflega komin frá Íþróttafélögum á landinu, enda var það þingmaður norður Ísfirðinga Sigurður Bjarnason frá Vigur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem bar fram þessa áskorun á fundi Í.S.Í.-
Ályktun þessi, eða áskorun til Alþingis var svo borin upp og samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.-
Nú gaf formaður skýrslu um störf á síðastliðnu starfsári.- Þessi leikrit voru sýnd:- „Lénharður fógeti", 23 sinnum, leikstjóri Haraldur Björnsson.- „Ég hef komið hér áður" 15 sinnum, leikstjóri Indriði Waage.- „Vopn guðanna" 22 sinnum leikstjóri Lárus Pálsson.- „Pétur Gautur" (í samvinnu við Tónlistarfélagið) 20 sinnum, og sýningar á honum eiga að hefjast aftur í haust; leikstjóri frú Gerd Grieg.- „Paul Lange og Tora Parsberg", 7 sinnum, leikstjóri frú Gerd Grieg, sem einnig lék hlutverk frk. Toru Parsberg.- Þá voru haldnar 12 sýningar á barnaleiknum „Óli smaladrengur", sem var sýndur í fyrra en ekki lokið til fulls þá.- Leikstjórar voru Emilía Borg og frú Þóra Borg Einarsson.-
Alls urðu þetta 99 sýningar.-
Á síðastliðnu hausti, áður en starfsemin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggt að ráði, en þegar fyrirsjáanlegt var að félagið yrði að leggja út mikið í kostnað, fór formaður á fund fjárveitinganefndar Alþingis og til Borgarstjóra Reykjavíkur og fór þess á leit að styrkur til félagsins yrði hækkaður að mun og var það gjört af báðum aðilum.- Eins og sjá má í reikningum félagsins eru styrkir nú komnir upp í Kr. 20.000.- frá hvorum aðila eða Kr. 40.000.- í alt.-

Örðugleikar urðu mjög miklir á árinu og má segja að ekkert leikritanna hafi komið upp á þeim tíma, sem því var upphaflega ætlað.-

Til dæmis má geta þess að sýna átti „Paal Lange og Tora Parsberg" í byrjun febrúar en það komst ekki upp fyrr en 29. maí og var það aðallega vegna fráfalls norska skáldsins hr. Nordal Grieg, eiginmanns frú Gerd Grieg, sem fórst í flugslysi yfir Þýskalandi.-

Að gefnu tilefni segist formaður vilja geta þess að kostnaður við innkaup frá Gerd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Grieg í landorg. Fyrir leikritið „Paul Lange og Tora Parsberg"
í búningum og grímur, sem eru sérstaklega vandaðir
og margir, svo og myndastyttur, blómsturvasa, ljósa-
stjaka, hárkollur og margt fleira námu í að
giska kr. 13000.- Upphaflega var ætlast
til að frú Grieg dveldi hér í 4 mánuði, en
þegar til kom var hún í 6 mánuði á launum
hjá félaginu með kr. 1250.- á mánuði, auk húsnæðis,
sem félagið notaði til æfinga.- Þetta, meðal annars,
hefði orsakað það að mikið tap varð á þessu
leikriti.- En þess er skylt að geta að frúin
vann kauplaust frá 1. apríl 1944 til 21. júní.-

Undantekningarlaust fengu allar sýningar
félagsins, á vetrinum, mikið hrós hjá blöðum
og áhorfendum.-

Aukakostnaður nokkur kom á starfsárið,
sem var alger auka vinna við að koma öllum
búningum félagsins fyrir á hagkvæman hátt,
þvo upp og endurgera og m. fl.-

Bráðabirgðareikningsyfirlit pr. 30/6-44 er svohlj.:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Rekstur:

| | | |
|---|---|---|
| Aðgöngumiðasala | | Kr: 309.316.80 |
| Tekjur af leikskrá | | " 9.334.60 |
| Laun | Kr: 164.452.80 | |
| í jólaboð fyrir Leikfélag | | " 2.652.00 |
| Skemmtanaskattur | " 30.768.45 | |
| Leikhúsleiga | " 38.600.- | |
| Ýmis kostnaður | " 42.237.85 | |
| Tjöld, búningar, húsgögn og leikrit | " 77.898.44 | |
| Brúðargjöf | " 500.- | |
| Meðlimagjöld | | " 150.- |
| Tap á Pétri Gaut, áætlað | " 8.000.- | |
| Bæjarstyrkur | | " 20.000.- |
| Ríkisstyrkur | | " 20.000.- |
| Óuppgerður mismunur | | " 1.004.14 |
| | Kr: 362.457.54 | Kr: 362.457.54 |

## Efnahagur:

| | |
|---|---|
| Óuppgerður mism. samkv. rekstri | Kr. 1.004.14 |
| Sjóður og banki | " 5.382.10 |
| Bankainnstæða Varasjóðs | " 20.000.- |
| Alls | Kr: 26.386.24 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Efnahagur: | Flutt: | Kr: 26.386.24 | |
|---|---|---|---|
| Bankainnstæða Skjaldborg h.f. | " | 5.000.- | |
| Viðskiptamenn | | | Kr: 537.95 |
| Ýmsar eignir | " | 1.- | |
| Leiktjöld | " | 2.434.63 | |
| Ógreiddur skemmtanaskattur, áætlaður | | | " 17.475.90 |
| -„- kostnaður, áætlaður | | | " 7.000.- |
| -„- " : „Pétur Gautur" | | 4.643.10 | |
| -„- bæjarstyrkur | " | 20.000.- | |
| -„- ríkisstyrkur | " | 20.000.- | |
| -„- ágóðaleikur frá [illegible], áætl. | " | 5.000.- | |
| Ógreitt lag af Pétri Gaut, áætl. | | | " 8.000.- |
| Styrktarsjóður h.f. | | | " 5.700.- |
| Varasjóður | | | " 20.000.- |
| Höfuðstóll | | | " 24.751.12 |
| | | Kr: 83.464.97 | Kr: 83.464.97 |

Framanskráð reikningsyfirlit pr. 30/6.44 fyrir Leikfélag Reykjavíkur höfum við samið eftir bókum félagsins, sem við höfum ekki endurskoðað. —

Ýmsir liðir reikninganna, sem ekki [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að gera nákvæmlega upp, hefir verið áætlaðir af gjaldkera í samráði við okkur.-

Reykjavík, 6. júlí 1944

Endurskoðunarskrifstofa N. Manscher, Co. / Bj. Jónsson.-

Formaður gaf og nokkurt yfirlit yfir hag og gróða hvers einstaks liðsins.-

Er formaður hafði lokið við skýrslu yfir verzlunina stóð upp Haraldur Björnsson og þakkaði fyrir greinilega og góða skýrslu og sagðist vera mjög ánægður, fyrir sitt leyti, með starfsemina á síðastliðnum vetri,-"Stjórnin hefur ráðist í mikil og stór viðfangsefni, sem hafa verið félaginu til sóma," sagði hann.-"Aðalatriðið er ekki að eignast stórfé, heldur að eyða því, með því að ráðast í stór verkefni", sagði Haraldur ennfremur.-

Næst lá fyrir stjórnarkosning; en áður en hún fór fram þakkaði formaður gott samstarf við félagsmenn, en sérstaklega þó með-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnendum sínum, Brynjólfi Jóhannessyni, sem
verið hefir ritari í 10 ár samfleytt, - gjaldkera
frú Þóru Borg Einarsson og fyrverandi gjaldkera
Hallgrími Bachmann, - en formaður sagðist
ekki geta tekið við endurkosningu ýmsra orsaka
vegna. - Haraldur Björnsson sagðist harma
það mjög að Valur Gíslason væri ófáanlegur
til að taka við endurkosningu, sem formaður
og þakkaði honum gott samstarf. -
Valur Gíslason stakk uppá að Brynjólfur
Jóhannesson yrði kosinn formaður. -
Brynjólfur sagðist hafa verið búinn
að ákveða með sjálfum sér, að hætta nú stjórnar
störfum, - sagðist eiginlega vera búinn að fá meir
en nóg eftir 10 ára samfleytt stjórnarstarf, auk
þess sem hann var einn hinna 7 manna, sem ráku
starfsemi félagsins frá 1930 til 1933 incl., hið svo-
kallaða „Ábyrgðarmanna tímabil“. - Ég hefi hugsað málið
nokkuð síðan ég var beðinn að taka að mér
stjórnarformennskuna og skal nú gefa kost á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mér í formannssætið úr því að Pétur Gíslason
er ófáanlegur, sagði Brynjólfur; - vegna þess að
ég ~~hr~~ þeirrar skoðunar, að það sé óhæfilega
óverlegt að hafa ekki að minsta kosti 2
vana stjórnarmeðlimi starfandi. - Stjórnarstörfin
eru orðin svo umfangsmikil og vandasöm
og á stjórninni hvílir auk þess mjög mikil
ábyrgð, ekki aðeins inn á við, heldur og einnig
út á við, að ég tel það hreinustu tilviljun
ef algerlega óvanir menn geta leyst stjórnar-
störf [illegible] svo af hendi að ekki verði
um meiri eða minni árekstra og vandræði að
ræða." - En það sagðist hann vilja taka fram, sér-
staklega, að með þessu væri hann ekki
að sækja eftir að hann yrði kosinn. -
Þá var og einnig stungið upp á Lárusi Pálssyni. -
Í kosningu fór þannig:

Formaður: var kosinn Brynjólfur Jóhannesson með 30 atkv.
Ritari: " " ~~Lárus Pálsson [illegible]~~ Ævar R. Kvaran : 27 "
Gjaldkeri: " " Þóra Borg Einarsson : 26 "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varastjórn var kosin:
varaformaður, Valur Gíslason — vararitari, Emilía Borg —
varagjaldkeri, Hallgrímur Bachmann. —
Leikritavalsnefnd, sem starfar með stjórninni
um leikritaval; — í hana voru kosnir Gestur Pálsson
og Jón Aðils. —

Lagabreytingar:

Á aðalfundi 3. október 1943 voru kosnir í nefnd
þeir Jón Aðils, Ævar R. Kvaran og W. Norðfjörð til að
athuga lög og rekstursfyrirkomulag félagsins. —

Stjórninni hafði borist, frá nefndinni, tillögur til
lagabreytinga, sem höfðu verið sendar, fjölritaðar,
til félagsmanna. —

Jón Aðils og Ævar R. Kvaran fylgdu frumvarpi þessu
úr garði með nokkrum orðum. — Síðan urðu um það
talsverðar umræður og tóku þessir til máls,
auk ofangreindra, Wilhelm Norðfjörð, Hjörleifur
Hjörleifsson, Brynjólfur Jóhannesson, Gunnar Stefánsson,
Gestur Pálsson, [illegible] Jóhannesson, Valur Gíslason,
Lárus Sigurbjörnsson og Haraldur Björnsson. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loks kom fram svohlj. tillaga frá þeim Freymóði Jóhannessyni og Gunnari Stefánssyni.-

„Leggjum til að umræðum um tillögur til breytinga á lögum Leikfélags Reykjavíkur, sem hér eru til umræðu, verði frestað.-"

Tillaga þessi var samþykkt með 12 atkv. gegn 10.-

Fleira lá ekki fyrir þessum fundi (~~og~~ (klukkan orðin 11.40) og var honum því frestað þar til endurskoðaðir reikningar liggja fyrir.-

V. Gíslason

Brynjólfur Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1945, þann 24. febr. var framhalds-aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur haldinn í æfingasal félagsins í Þjóðleikhúsinu. Fyrverandi formaður félagsins, Valur Gíslason, setti fundinn kl. 3^50 og voru þá mættir 20 félagsmenn, en síðar bættust 5 við í hópinn.

Dagskrá fundarins var þessi:

1. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir starfsárið 1943-'44.
2. Önnur mál.

Fyrverandi ritari, las síðan upp fundagerð síðasta fundar, sem var samþykkt athugasemdalaust. Þá las fyrverandi formaður upp endurskoðaða reikninga félagsins, en þeir voru: ársreikningar pr. 31. júlí 1944, ársreikningar yfir Pétur Gaut pr. 31. júlí '44 og rekstrarreikningur fyrir Nitouche, og fylgdu skýrslur endurskoðenda öllum reikningunum. Síðan voru þeir bornir upp og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samþykktir. Efnahagsreikningur félagsins pr. 31. júlí 1944 er svohljóðandi:

<u>Eignir</u>:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ýmsar eignir | | | kr. 1.00 |
| Ljósaáhöld | | kr. 3543.29 | |
| afskrifað pr. 31/7'44 | kr. 354,33 | | |
| [...]tur " | " 1108,66 | " 1462,99 | " 2080,30 |
| <u>Birgðir</u>: | | | |
| Andlitsfarði | | kr. 300.00 | |
| Hárkollur | | " 1000.00 | " 1300.00 |
| Bæjarsjóður Rvíkur ógreiddur styrkur | | kr. 20.000.00 | |
| Leikfélag Akureyrar | | 76.50 | " 20.076.50 |
| Í sjóði og banka | | | " 21.799.30 |
| Bankainnstæða varasjóðs | | kr. 20.306.61 | |
| " styrktarsjóðs L.R. | | 5.833.08 | " 26.139.69 |
| | | Samtals | kr. 71.396.79 |

Snú við!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Skuldir:

| | | |
|---|---|---|
| Ógreiddur skemmtanaskattur (áætlað) | kr. 17.670.65 | |
| " kostnaður | " 2.450.00 | kr. 20.120.65 |
| Pétur Gautur, hluti af rekstrartapi | " 9.054.15 | |
| ÷ innborgað | " 4.552.85 | " 4.501.30 |
| Varasjóður pr. 1/8 '43 | " 20.000.00 | |
| Vextir af bankainnstæðu | 306.61 | " 20.306.61 |
| Styrktarsjóður L.R. pr. 1/8 '43 | " 5.000.00 | |
| Gjöf | " 700.00 | |
| Vextir af bankainnstæðu | " 133.08 | " 5.833.08 |
| Höfuðstóll pr. 1/8 '43 | " 24.751.12 | |
| ÷ Tap samkv. rekstrarreikningi | " 4.115.97 | " 20.635.15 |
| | Samtals | kr. 71.396.79 |

"Öll tjöld, húsgögn, búningar, handrit, farði o.fl. sem keypt var á árinu var afskrifað. Aðgöngumiðasala á árinu nam kr. 309.632.00. Brúttótekjur af leikskrá og auglýsingum námu kr. 18.285.00. Þá hafði félagið unnið í Happdrætti Háskóla Íslands kr. 100.– Styrkur ríkisins nam

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kr. 20.000.00. Styrkur bæjarins nam einnig kr. 20.000.-
Samkv. rekstrar- og efnahagsreikningi nam tap á árinu kr. 4.115.97, sem mun aðallega hafa stafað af tapi á sýningum á Pétri Gaut. Húsaleiga fyrir leiksýningar á starfsárinu nam kr. 38.600.-

Í sambandi við reikninga félagsins lét Freymóður Jóhannsson þess getið, að æskilegt væri að reikningar félagsins lægju fyrir endurskoðaðir fyrir fyrir aðalfund. Urðu um það nokkrar umræður og sýndi stjórnin fram á að þetta væri ókleift af þeim sökum, að síðustu leiksýningar færu fram ~~að~~ allt fram að þeim tíma, er aðalfundur er haldinn. Samþykkt var því engin gerð í þessu sambandi. Þá tók Freymóður einnig fram, að æskilegt væri, ef hægt væri fyrir félagsmenn að fá að halda afriti af reikningunum til nánari athugunar. Lofaði formaður Brynjólfur Jóhannesson að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atlinga, hvort hægt væri í þessum tilgangi
að fá þá fjölritaða framvegis. Þá bað
formaður fundarmenn að rísa úr sætum
og votta með því virðingu sína þeim,
er létu líf sitt við hið hörmulega slys,
þegar Dettifoss fórst. Var það síðan gert.
Þá tilkynnti formaður, að Þorleifur Bjarna-
son, kennari frá Ísafirði, hafi afhent sér
kr. 100.-, sem gjöf til félagsins sem vott
þakklætis síns fyrir margar ánægjustundir
var samþ. að leggja þessa peninga í sparisjóðsbók Styrktarsjóðs félagsins
á leiksýningum félagsins. - Þá tók til
máls Vilhelm Norðfjörð og óskaði eftir að
upplýst yrði á fundinum af hverju
dráttur sá, sem orðið hefði á því að fram-
haldsaðalfundur væri haldinn, stafaði, og
benti Vilhelm í því sambandi á það,
að hann yrði m.a. til þess, að tillögur
þær til lagabreytinga, sem fyrir fundinum
lágu til umræðu, kæmu við þetta mun
seinna til framkvæmda en lagaákvæð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefði alltaf til. Fyrrverandi form. Valur Gíslason upplýsti í þessu sambandi, að þessar hafi stöðvaðu aðallega af önnum umdarskoðanda, sem mundi einnig hafa fengið fylgiskjölin seinna en venja væri til, enda hafi þau að þessu sinni verið óvenjulega mörg. Þóra Borg Einarsson gat þess að breytingar hefðu verið tilbúnar í nóvember.

Þá voru næst teknar til umræðu lagabreytingar þær er þeir Ævar R. Kvaran, Jón Aðils og Vilhelm Norðfjörð höfðu lagt fyrir fyrir aðalfundinn, þar sem ekki hafði gefist tóm til að ræða þær. En ofangreindir menn höfðu verið kosnir í laganefnd til að gera frumvarp að breytingum á lögunum á aðalfundi 3. okt. 1943.

Frumvarp þetta gerði ráð fyrir breytingum á eftirtöldum greinum eldri laganna: 4., 5., 7., 10., 11., 14., 15., 17., 19., 20., 23., og 24. gr. Var því hér um allmiklar breytingar að ræða. Var hver grein tekin til umræðu og rædd fyrir sig og urðu um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar flestar allmiklar umræður. Voru flestar tillögurnar samþykktar óbreyttar, sumar með breytingum og fáeinar feldar niður. Það má því segja að þessar tillögur liggi ásamt gömlu lögunum til grundvallar fyrir nýju lögunum í því formi sem þau voru endanlega samþykkt á þessum fundi, en samkv. því eru núgildandi lög félagsins svohljóðandi:

## Lög Leikfélags Reykjavíkur

### NAFN

1. gr. Félagið heitir Leikfélag Reykjavíkur

### TILGANGUR

2. gr. Tilgangur félagsins er að efla íslenzka leiklist og vekja áhuga manna fyrir góðri leikmennt.

3. gr. Þessum tilgangi hyggst félagið að ná með því:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. að halda uppi sjónleikjasýningum
í Reykjavík
2. að fara leikferðir með sjónleiki út
um land, og
3. að gefa út rit um leiklist og leikmennt
fyrst um sinn í sambandi við
leikskrá félagsins.

FÉLAGAR, INNTAKA, ÚRSÖGN

4. gr. Inngöngu í félagið geta þeir einir fengið, sem búsettir eru í Reykjavík og starfað hafa a.m.k. 3 vetur í þágu félagsins.

5. gr. Umsókn um inntöku skal vera skrifleg og send formanni félagsins fyrir aðalfund. Skal í henni getið um hlutverk leikin af umsækjanda eða önnur störf, sem hann kann að ~~hafa~~ ~~leikið~~ unnið í þágu leiklistarinnar.
Frestur til umsóknar til inngöngu í félagið er 1 mánuður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. gr. Til samþykktar inntökubeiðni á aðalfundi þarf 2/3 greiddra atkvæða og er hægt að krefja hvern mættan félagsmann um atkvæði, ef ósk kemur fram um það á fundinum.

7. gr. Úrsögn úr félaginu getur aðeins miðast við lok hvers reikningsárs, nánar tiltekið 31. maí. Skal úrsögn vera skrifleg og komin í hendur formanns með a.m.k. 2 mánaða fyrirvara eða fyrir 1. apríl. Verði úrsögn eigi talin lögmæt af stjórn félagsins eða félagsmönnum á aðalfundi, er úrsegjandi háður lögum og reglum félagsins í einu og öllu næsta reikningsár, sem ábyrgð hans sem félaga á skuldbindingum félagsins, samkv. 16. gr., miðað við þann tíma, er hann löglega gekk úr félaginu, helst óbreytt næsta ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. gr. Inntökugjald er kr. 15.00 og greiðist við inntöku. Ársgjaldið er kr. 10.00 og gjalddagi þess 1. apríl ár hvert. Ársgjaldið skal vera greitt fyrir aðalfund, enda eru eigi aðrir atkvæðisbærir á aðalfundi en skuldlausir félagar. Heimilt er gjaldkera eftir 1. apríl, að halda eftir of kaupi starfandi félaga sem ársgjaldinu nemur, hafi greiðsla eigi farið fram á annan hátt.

STJÓRN

9. gr. Félaginu stjórna 3 menn, formaður ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til 1 árs í senn með skriflegri kosningu hver í sínu lagi. Á sama hátt skal kjósa 3 varamenn. Allir þessir menn skulu vera meðlimir félagsins, þegar kosning þeirra fer fram. Laun stjórnarinnar skulu ákveðin áf aðalfundi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr. Um öll málefni nema aðkallandi dægurmál, skal stjórnin í sameiningu taka ákvörðun á fundum, sem eigi séu haldnir sjaldnar en aðra hvora viku, a.m.k. á tímabilinu 1/9 – 1/6 ár hvert. Félagsstjórnin heldur gerðabók um það, sem gerist á fundum stjórnarinnar.

Varaformann félagsins skal boða á stjórnarfundi, þegar um þýðingarmikil mál er að ræða og skal hann hafa málfrelsi án atkvæðisréttar.

Óski stjórnin að fá sérstakan mann til að annast daglegar framkvæmdir, skal hann kosinn á fundi af félagsmönnum, enda taki hann laun og vinni störf sín samkv. erindisbréfi samþykktu á aðalfundi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LEIKRITAVAL

11. gr. Stjórnin annast leikritaval ásamt 2 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til þessa starfa.

12. gr. Stjórnin ræður leiðbeinanda.

13. gr. Leiðbeinandi ræður hlutverkaskipun og öðru því, er að leiksýningu lýtur, þó í samráði við félagsstjórnina. Þess skal jafnan gætt, að félagsmenn sitji fyrir hlutverkum og hverjum öðrum launuðum störfum, sem félagið veitir.

SKYLDUR MEÐLIMA GAGNVART FÉLAGINU

14. gr. Enginn félagsmaður má taka þátt í eða ~~starfa~~ að sjónleikjasýningum utan félagsins meðan það er starfandi, nema að þar til fengnu leyfi stjórnarinnar, enda komi það aldrei í bág við, eða í samkeppni við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leikfélag Reykjavíkur. Stjórnin gefur
þó því aðeins neitað, um slík leyfi
að viðkomandi félagsmanni hafi
boðist eða bjóðist þá þegar starf við
sitt hæfi innan félagsins

Brot gegn þessu ákvæði varðar rétt-
indamissi það sem eftir er leikársins
og atkvæðamissi á næsta aðalfundi, og
sektum alt að kr. 100.00 - eitt hundrað
krónum — ef félagsstjórnin telur svo á,
að félagið hafi beðið álits- eða fjárhags-
tjón af þátttöku félagsmanna í leiksýn-
ingum utan félagsins.

15. gr. Til að ákveða þóknun fyrir störf í
þágu félagsins, önnur en þau, sem
ákveðin eru á aðalfundi, skal farið
eftir launaskrá, sem aðalfundur tekur
samþykkt. Þóknanir skulu ákveðnar
eftir flokkum svo mörgum sem þörf er á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við ráðningu leikanda eða annara
til félagsins, skal stjórnin fara eftir
ákvæðum launaskrárinnar. Í vissum
tilfellum skal stjórninni þó heimilt að
veita undanþágu frá ákvæðum launaskrár-
innar, ef um mikilsvert starf utan
félagsmanna er að ræða, enda gefi
stjórnin þá fulla grein fyrir þeim
greiðslum skilmerkilega á næsta aðalfundi.

16. gr. Hver félagi ber persónulega ábyrgð á
allt að kr. 400.00 – fjögur hundruð krónum –
af skuldbindingum félagsins, nema ef
um sérstakar skuldbindingar er að ræða
frá hans hendi. Ágóða hvers árs skal
fyrst og fremst verja til greiðslu á skuldum
eða kaupa á leikhúsáhöldum. Verði afgangur
tekur aðalfundur ákvörðun um, hvernig
honum skuli varið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. gr. Aðalfundur kýs 2 menn til að
endurskoða reikninga félagsins fyrir
reikningsár það er í hönd fer. Skal
annar endurskoðandinn vera
löggiltur og utanfélagsmaður. Hinn
skal vera félagsmaður og ákveður aðal-
fundur laun hans, enda leggi hann
fram skýrslu yfir störf sín á
hverjum aðalfundi.

STARF, REIKNINGSÁR
18. gr. Starfsár félagsins – leikárið – reikn-
ast frá 1. júní til jafnlengdar næsta
ár. Reikningsár miðast við sama tíma.

19. gr. Aðalfund skal halda í júní ár hvert
og aukafundi, þegar stjórnin telur
þess þörf eða ef minnst 1/3 hluti
skráðra meðlima óskar þess skriflega.
Boðað skal til aðalfundar með 1/2
mánaðar fyrirvara. Aðalfundur er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lögmætur ef helmingur skráðra meðlima
er mættur. Mæti ekki svo margir skal
boða til annars fundar, er haldinn
sé innan 7 daga frá hinum fyr-
ákveðna fundardegi. Sá síðari fundur
er lögmætur með þeim, sem þar mæta.

AÐALFUNDIR

10. gr. Aðalfundarstörf eru þessi:

a) Stjórnin skýrir frá störfum á liðnu ári.

b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
til úrskurðar, svo og reikningsyfirlit
yfir fjárhagsafkomu hverrar leiksýninga
á starfsárinu. Ennfremur skrá yfir
laun þau, sem hver einstaklingur
hefur hlotið hjá félaginu.

c) kosin stjórn. (sbr. 9. gr.)

d) kosnir 3 menn í varastjórn (sb. 9. gr.

e) kosnir 2 endurskoðendur (sbr. 17. gr.)

f) Lagabreytingar með þeim fyrirvara,
að stjórnin hafi fengið tillögur eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frumvörp til breytinga í hendur eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

g) "Önnur mál, sem upp kunna að vera borin — .

21. gr. Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum þeirra mála, sem ekki eru sérstaklega undanþegin í lögum þessum —

HEIÐURSFÉLAGAR

22. gr. Aðalfundur getur með 3/4 hlutum atkvæða, sem á fundi eru, kosið heiðursfélaga hvern skráðan félaga, en utanfélagsmann því aðeins að atkvæðin séu samhljóða, hvorttveggja að viðhafðri skriflegri, leynilegri atkvæðagreiðslu. Tala heiðursfélaga má þó aldrei fara fram úr 6 – sex –. Heiðursfélagar eru undanþegnir gjöldum til félagsins og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsskuldbindingar þess ná ekki til þeirra, en að öðru leyti eru þeir háðir lögum félagsins.

23. gr. Stjórnin getur sett reglugerð fyrir leikendur og starfsmenn við leiksýningar og er öllum skylt að hlýða henni, enda skal reglugerðin birt félagsmönnum eftir að hún hefur verið samþykkt á félagsfundi. Við ráðningu utanfélagsmanna í hlutverk eða til starfa í þágu félagsins, skal hlýðni við reglugerðina samningsskilyrði.

24. gr. Engu má breyta í lögum félagsins eða reglugerð fyrir leikendur og starfsmenn nema á aðalfundi og þarf þá 3/4 hluta greiddra atkvæða til að breyting

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nái fram að ganga.

25. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Þannig samþykkt á fundi Leikfélags Reykjavíkur 24. febrúar 1945.

Þá tók formaður til máls og gerði það að tillögu sinni að laun Jóns Eyjólfssonar, sem verið höfðu kr. 75.oo miðað við grunnlaun, væru hækkað uppí kr. 150.– miðað við grunnlaun og var það einróma samþykkt. Fleyra gerðist ekki og var því fundi slitið.

Brynjólfur Jóhannesson Ævar R. Kvaran

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1945 þann 30. júní kl. 4 e. h. var aðalfundur L. R. haldinn í húsakynnum félagsins í Þjóðleikhúsinu Dagskrá var samkvæmt fundarboði þessi:

1. Stjórnin gefur bráðabirgðaskýrslu.
2. Kosin stjórn og tveir menn í leikritavalsnefnd. —

Eftirtaldir félagar mættu með umboð:

Brynjólfur Jóhannesson fyrir Emelíu Jónasdóttur
Lárus Pálsson " Þorst. Ö. Stephensen
Þóra Borg-Einarsson " Gunnþórunni Halldórsdóttur
Wilhelm Norðfjörð " Ragnar Magnússon.
Sami " Kristínu Thorberg og
Ævar Kvaran " Gest Pálsson.

Er formaður setti fundinn voru 20 félagsmenn mættir, síðar bættust fleiri í hópinn. — Bar formaður þvínæst upp inntökubeiðni frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frú Magnþóru Magnúsdóttur, hár-
greiðslukonu, sem um mörg ár hefur
starfað hjá félaginu og var beiðnin
samþykkt samhljóða. – Þá gaf
formaður ritara orðið og las hann
upp fundargerð síðasta fundar
og var hún samþykkt eftir að
því hafði verið bætt í hana sam-
kvæmt sérstakri beiðni gjaldkera
félagsins, að reikningar félagsins
hefðu verið tilbúnir í nóvembermán-
uði s.l. – Þá tók form. til máls
og gaf skýrslu yfir starfsemi félags-
ins á liðnu starfsári. Kvað hann
starfsemina hafa hafist 24. sept.
með sýningu á Pétri Gaut, sem
að þessu sinni var sýndur 11
sinnum. Leikstjóri var eins og
áður frú Gerd Grieg. Þá var tekið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til sýninga leikritið "Hann" eftir
Alfred Savoir undir leikstjórn
Indriða Waage. Frumsýningar var
10. nóvember. Þetta leikrit var sýnt
13 sinnum. Þvínæst var sýnt
leikritið "Álfhóll" eftir Heiberg.
Frumsýning var á annan í jólum
og var það síðan sýnt 27 sinnum.
Þaraf var ein ágóðasýning til
styrktar fátækum, dönskum börnum
og ein hátíðarsýning í tilefni 50
ára leikafmælis Gunnþórunnar
Halldórsdóttur, sem lék í þessu leik-
riti. Leikstjóri var Haraldur Björnsson — Þann 23. marz var svo
frumsýning á "Kaupmanninum
í Feneyjum" eftir Shakespeare undir
leikstjórn Lárusar Pálssonar. Sýningar
urðu alls 20, en hefðu getað orðið
fleiri, ef veikindaforföll hefðu ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hamlað því. Síðasta viðfangs-
efni starfsársins var sjónleikurinn
„Gift eða ógift?" eftir Priestley. Leik-
stjóri var Lárus Pálsson. Frumsýning
var 16. maí og sýningar alls 15
og fór sú síðasta fram 29. júní
eða í gærkvöldi. —
Þá gat form. þess sérstaklega,
að stjórn félagsins hefði gjörst svo
djörf að bjóða Leikfélagi Akureyrar
að senda hingað leikflokk þann,
er sýnt hafði á Akureyri "Brúðu-
heimilið" eftir Henrik Ibsen með
frú "Oldu Möller í aðalhlutverki Nóru.
Leikstjóri var frú Gerd Grieg. Frum-
sýndi leikflokkurinn þennan leik á
vegum L.R. 29. janúar og voru sýn-
ingar ~~síðast~~ 6 kvöld í röð en að
svo búnu var leiknum útvarpað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Ríkisútvarpinu 3. febrúar
L.R. greiddi allan ferðakostnað leik-
aranna og leikstjórans, svo og
uppihald meðan dvalið var hér
í bænum eða í 23½ dag, en þrátt
fyrir þennan mikla kostnað varð
hagnaður af þessum sýningum.
Alls hafa því sýningar félagsins
á liðnu starfsári verið 92 talsins.
Þá skýrði form. frá því, að æfing-
asalur félagsins í Þjóðleikhúsinu hafi komist í
notkun og hafi fyrsta æfing
farið þar fram 9. januar.
Að svo mæltu las form. upp tvö
þakkarbréf, sem stjórninni hafði
borist vegna sýningar þeirrar á
"Álfhóli", sem verið hafði til ágóða
fyrir fátæk, dönsk börn, en þeir,
sem störfuðu við þessa sýningu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfðu gefið kaup sitt þetta kvöld í þessu tilefni. Bréfin voru frá danska sendiherranum og Det Danske Selskab i Reykjavik. – Þvínæst skýrði form. frá því, að félaginu hefði borist að gjöf frá Gunnari Stefánssyni 15 bækur með erlendum leikritum, sem gefandi óskaði að yrði vísir til bókasafns fyrir félagsmenn. Færði form. gefandanum þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Að lokum gaf form. gjaldkera orðið, en hann gaf bráðabirgðaskýrslu yfir fjárhag og afkomu félagsins, en eins og kunnugt er munu reikningar ekki liggja fyrir endurskoðaðir fyr en á framhaldsaðalfundi í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haust. – Samkv. skýrslu gjaldkera sýnir bráðabirgðareikningsyfirlit pr. 31/5, netto hagnað kr. 47.321.17. Bæjarstyrkur hafði á árinu verið hækkaður úr kr. 20.000.00 í kr. 30.000.00, en styrkur ríkissjóðs er ennþá kr. 20.000.00. Félagið nýtur þannig á komandi starfsári kr. 50.000.00 í styrk samtals, en ekki er þó loku fyrir það skotið, að styrkur ríkissjóðs fáist einnig hækkaður. Tapsrekstur varð einungis af sýningunum á Pétri Gaut.

Þá var tekið fyrir næsta mál á dagskrá, sem var kosning stjórnar og tveggja manna í leikritavalsnefnd. Fyrst skyldi kjósa formann. Var aðeins stungið upp á einum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manni, Brynjólfi Jóhannessyni
fráfarandi formanni. Kosningu lauk
þannig, að Brynjólfur var réttkjörinn
með 29 atkvæðum. Valur Gíslason
hlaut 3 atkv., en 4 seðlar voru auðir.
Þá átti næst að kjósa ritara, en
áður en kosning hófst tók frá-
farandi ritari, Ævar Kvaran til
máls og baðst undan endur-
kosningu, þareð hann væri á
förum af landi brott til framhalds-
náms í leiklist erlendis. Hann
gerði það hins vegar að tillögu
sinni að Valur Gíslason yrði kos-
inn í sinn stað. Var þá enn-
fremur stungið upp á Haraldi
Björnssyni og Lárusi Pálssyni. Þá
tók til máls Valur Gíslason og
lét þess getið, að þeir sem kynnu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vilja kjósa hann yrði að hafa hugfast, að hann áskildi sér rétt til að halda áfram að leika séra Sigvalda í "Manni og konu" hjá Fjalakettinum, þrátt fyrir það að hann kynni að verða kosinn í stjórn L.R. Skýrði hann frá því, að til stæði að halda áfram að leika þetta leikrit í haust og hefði hann lofað að leika í því áfram og gæti hann því ekki gengið á bak orða sinna í þeim efnum þótt hann yrði kosinn ritari L.R. – Er hann hafði lokið máli sínu var gengið til kosningar. Var Valur, þrátt fyrir þetta skilyrði sitt kosinn með 26 atkv., Lárus Pálsson hlaut

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 atkv., en Haraldur Björnsson 1, 8 seðlar voru auðir. – Því næst var gengið til kosningar um gjaldkera. Fram komu uppástungur um eftirtalda: Þóru Borg-Einarsson, Gesti Pálssyni og Valdimar Helgason. Þóra Borg-Einarsson hlaut kosningu með 18 atkv., Gestur hlaut 9, Valdimar 1, Hallgrímur Bachmann 2, en auðir seðlar voru 7. – Þá hófst kosning varaformanns. Tillögur komu fram um eftirtalda: Gest Pálsson, Gunnar Möller, Valdimar Helgason og Jón Aðils. Hlutskarpastur varð Gestur með 12 atkv. Gunnar fékk 11, Valdimar 4, Jón 3, en auðir seðlar voru 6. – Sem vararitara var þvínæst stungið upp á þeim Emilíu Borg, Lárusi Sigurbjörnssyni,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Haraldi Björnssyni. Var Emilia kosin með 15 atkv. Haraldur hreppti 8, Lárus Sigurbjörnsson 4, ennfremur fékk Lárus Palsson 2 atkv., Valdimar Helgason, 1 og Arndís Björnsdóttir 1 atkv. Auðir seðlar voru 5. — Þá var eftir að kjósa varagjaldkera. Uppástungur voru um Hallgrím Bachmann, frú Leós og Lárus Palsson. Hreppti Hallgrímur kosningu með 17 atkv. Jón fékk 13, Lárus 2 og Arndís Björnsdóttir 1. 2 seðlar voru auðir en 1 ógildur. —

Þá lá næst fyrir að kjósa 2 menn í nefnd til aðstoðar stjórninni við val viðfangsefna. Stungið var upp á þessum: Þorst. Ö. Stephensen, Jóni Aðils, Arndísi Björnsdóttur og Alfreð Andréssyni. Hlutskarp-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

urt urðu þau Þorsteinn, sem fékk 24 atkv. og Arndís, sem hlaut jafnmörg atkv. Jón fékk 18 atkv., og Alfreð 4, en fremur fengu þau Hilda Möller og Lárus Ingólfsson sitt hvort atkvæðið. —

Að kosningu lokinni tók hinn nýkjörni form. til máls og þakkaði félagsmönnum með nokkrum orðum samstarfið á liðnum vetri.

Því næst kom frá Alfreð Andréssyni svohljóðandi skrifleg tillaga:

"Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur haldinn 30. júní 1945, samþykkir að gefa kr. 5000.00 í styrktarsjóð frú Gerd Grieg".

Tillaga þessi var því næst borin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undir atkvæði og samþykkt samkvæmt … samhljóða. – Þá kvaddi sér hljóðs Jón Hólm um tillögu þá, sem fyrir lá hjá stjórninni um breytingar og lagfæringar á launakjörum félagsmanna hjá L.R. Skýrði Jón með nokkrum orðum frá tildrögum þess að hann ásamt Wilhelm Norðfjörð og Einari Kvaran hefðu samið þessa tillögu, sem yfirleitt felur í sér sjálfsagðar lagfæringar á kaupi starfsfólks félagsins. Taldi hann brýna nauðsyn á því að ekki væri dregið lengur að samþykkja þessa tillögu og færði að því einföld og glögg rök. Er Jón hafði lokið máli sínu las formaður upp tillöguna eins og hún lá fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ákveðst að svo búnu nokkrar umræður um einstaka liði hennar og tóku til máls Valur Gíslason, Haraldur Björnsson, Brynjólfur Jóhannesson og Ævar Kvaran. Eftir að fundurinn hafði í framhaldi af þessum umræðum samþykkt nokkrar breytingar á einstökum liðum tillögunnar var hún í heild borin undir atkvæði og samþykkt í ofanritaðri mynd miðað við kvöldkaup.

"Launaskrá.

Leikendur:

| | |
|---|---|
| Byrjendur | kr. 6.00 |
| " fyrir hlutverk | " 10.00 |
| 2-4 ár | " 15.00 |
| 4-8 " | " 20.00 |
| 8-12 " | " 25.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| 12 - 20 ár | kr. 30.00 |
| 20 " eða lengur | " 35.00 |

Athr. Leikhlutverk skal talið 10 sýningar og þar fram yfir.
Enginn leikari hljóti lægri laun, en hann nú hefir

Leikstjórn greiðist með kr. 75.00 án tillits til þess, hvort leikstjórinn leikur með eða ekki.

Starfsfólk:

| | |
|---|---|
| Ljósameistari | kr. 25.00 |
| Leiksviðsstjóri | " 15.00 |
| Starfsmenn við leiktjöld | " 10.00 |
| Dyravarsla | " 8.00 |
| Fatageymsla | " 6.00 |
| Aðstoðarstúlka við leiksvið | " 8.00 |
| Hárgreiðsla | " 15.00 |
| Aðgöngumiðasala | " 20.00 |
| Hvíslari | " 15.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fórdum, ef fordæi líkur með | Kr. 12.00
" án þess fordæi líki | " 20.00
Sátavísarar | " 5.00
Sendisveinn | " 6.00
" mánaðarlaun | " 150.00"

Er þessi tillaga hafði verið samþykkt í þessari mynd, var tekið til umræðu, hver vera skyldu laun stjórnarinnar, en samkv. lögum félagsins ber aðalfundi að fjalla um það, og var samþykkt að stjórnarlaun hvers stjórnarmeðlims skyldu vera kr. 25.00 grunnlaun miðað við kvöld kaup. — Þá var borin fram eftirfarandi tillaga frá þeim Wilhelm Norðfjörð, Jóni Aðils og Ævari Kvaran:

" Teljum það að tillögu okkar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að L.R. greiði leikurum og starfsfólki félagsins allt að 20% launauppbót af kvöldkaups-launagreiðslum síðasta starfs-árs".

Um tillögu þessa urðu nokkrar umræður, en var hún þó að lokum samþykkt óbreytt með samhljóða atkvæðum. –

Þá kom fram tillaga frá Brynjólfi Jóhannessyni svo-hljóðandi:

"L.R. greiði kr. 5000.– af hagnaði s.l. starfsárs í styrktarsjóð félagsins".

Var tillaga þessi einnig samþykkt með samhljóða atkvæðum

Þá kom næst fram eftirfarandi tillaga frá Lárusi Sigurbjörnssyni:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Aðalfundur L.R. samþykkir að minnast þess með sér-
stakri hátíðarsýningu 5. des.
1946, að þá eru liðin 150 ár
frá því fyrst var leikið
leikritið "Hrólfur" eftir
Sigurð Pétursson, sýslumann,
í Hólavallaskóla í Reykjavík.
Til þeirrar sýningar verði haft
íslenzkt leikrit og heitir
félagið 5000 kr. verðlaunum
fyrir bezta leikritið, sem
stjórninni berst í hendur
fyrir 30. maí, 1946. –
Stjórn félagsins er falið
að semja nánari reglur
um leikritasamkeppni
þessa."
Umræður urðu nokkrar um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tillögunna og var að lokum samþykkt að kjósa nefnd til að ~~athuga málið~~ Svo og hvað tiltækilegt þætti að gera til að minnast 50 ára afmælis L.R. sem er 11. jan. 1947. — nefndina voru kosnir þeir: Lárus Sigurbjörnsson, Valur Gíslason og Haraldur Björnsson.

Þar sem ekki lá fleira fyrir þessum fundi var honum frestað til framhaldsaðalfundar á hausti komanda.

Brynjólfur Jóhannesson

Ævar R. Kvaran
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1946, 12 janúar, var haldinn framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í húsakynnum félagsins í Þjóðleikhúsinu, kl. 5 síðd.
Mættir voru 22 félagsmenn í fundarbyrjun.
Formaður félagsins, Brynjólfur Jóhannesson setti fundinn. Fyrir fundinum lágu endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir starfsárið 1944-45.
Ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt, eftir að bætt hafði við hana örlitli viðbót í sambandi við kosningu nefndar.
Gjaldkeri las því næst reikninga félagsins, svo og launaskýrslu. Reikningarnir voru: ársreikningar yfir sýningar á Pétri Gaut, og ársreikningar pr. 31/7.45 félagsins ásamt skýrslum ~~löggilts~~ endurskoðanda, ennfremur skrá yfir launagreiðslur leikara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og starfsmanna félagsins. Þá las ~~[illegible]~~ annar endurskoðandinn, Wilhelm Norðfjörð skýrslu, er hann hafði samið með aðstoð gjaldkera, yfir afkomu hvers einstaks leikrits á starfsárinu. Reikningarnir voru síðan samþykktir með samhljóða atkvæðum.

Efnahagsreikningur pr. 31/7.45 er þannig:

Eignir:

| | | |
|---|---|---|
| Ýmsar eignir | | kr. 1.00 |
| Ljósaáhöld | kr. 3.543.29 | |
| ÷ afskriftir | " 1.817.32 | 1725.97 |
| Birgðir: Andlitsfarði | " 900.00 | |
| Hárkollur | " 500.00 | 1400.00 |
| Bæjarsjóður Reykjavíkur | | 30.000.00 |
| Útistandandi skuldir | | 778.71 |
| Í sjóði og banka | | 36.847.60 |
| Styrktarsjóður L.R. | | 11.051.81 |
| Varasjóður | | 20.714.76 |
| Pétur Gautur; innb. á árinu | 13.956.00 | |
| ÷ Skuld 1/8.44 kr. 4501.30<br>hluti af tapi " 375.27 | 4.876.57 | 9.079.43 |
| | | Kr. 111.599.28 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skuldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ógreiddur skemtanaskattur (áætl.) | | Kr. | 39.314.20 |
| " kostn. | | " | 2.000.00 |
| Ógr. gjöf í Styrktarsjóð L.R. | | " | 5000.00 |
| Ýmsir skuldheimtumenn | | " | 442.95 |
| Varasjóður 1/8.44 | 20.306.61 | | |
| Vextir af bankainnist. | 408.15 | " | 20.714.76 |
| Styrktarsjóður L.R. | 5833.08 | | |
| Gjöf | 100.00 | | |
| Tillag frá L.R. | 5000.00 | | |
| Vextir | 118.73 | " | 11.051.81 |
| Höfuðstóll 1/8.44 | 20.635.15 | | |
| Rekstrarhagn: | 12.440.41 | " | 33075.56 |
| | | Kr. | 111.599.28 |

Skuldlaus eign félagsins pr. 31/7.45 er samkvæmt reikningunum Kr: 64.842.13 auk búninga og leiktjalda o.fl. sem er allt afskrifað niður í kr. 1.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sambandi við reikninga félagsins gat formaður þess að ríkisstyrkur hefði nú fengist hækkaður uppí það sama sem bæjarsjóðsstyrkur var s.l. leikár, eða uppí kr. 30.000.- og yrðu því samanlagðir styrkir á yfirstandandi leikári kr. 60.000.-

Þá var kosinn einn endurskoðandi innan félagsins, en hinn er löggiltur. Wilhelm Norðfjörð var kosinn en Gestur Pálsson til vara. – Formaður skýrði frá því að einn félagsmaður, Sigfús Halldórsson sem nýkominn væri frá Englandi, hefði afhent sér gjöf til félagsins frá hr. kaupmanni Birni Björnssyni í London. Er það forkunnar fögur bók um leiklist eftir Gordon Craig, en hann var sem kunnugt er einn mesti frömuður nýtízku leiklistar.

Þá gaf formaður Vali Gíslasyni orðið til að gefa skýrslu fyrir hönd nefndar þeirrar sem kosin hafði verið kosin á síðasta fundi til

athuga og gera tillögur um hvað tilhlýðilegt
þætti að gera til að minnast 50 ára afmæli
félagsins svo og 150 ára afmælis leiksýninga
í Reykjavík. V. G. skýrði frá því að nefndin
væri lítið farin að starfa, en þó hefðu nefndar-
menn talast við og orðið ásáttir um að
bera fram 2 tillögur í málinu, þegar á þessum fundi þar eð
þær voru þess eðlis að, ef þær yrðu sam-
þykktar, yrði þegar að hefja undirbúningsstarf.
Hinsvegar mundu þeir skila fullkomnara áliti
á aðalfundi í vor er kemur.

Tillögur nefndarinnar eru þessar:

„Í tilefni af 50 ára afmæli félagsins
hinn 11. janúar 1947, gerir fundurinn
eftirfarandi samþykktir:

I/ Stofnað skal til myndarlegs bókasafns
innlendra og erlendra leiklistarbók-
mennta, sem afhendist Þjóðleikhúsi
Íslands sem gjöf frá Leikfélagi
Reykjavíkur á 50 ára afmæli félagsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda verði nafn Leikfélags Reykjavíkur tengt bókasafninu. Stjórninni heimilast að verja alt að 15-20 þúsund krónum í þessu skyni, til bókakaupa og annars kostnaðar.

II/ Stjórninni heimilast að hefja nú þegar undirbúning að útgáfu afmælisrits og verja til þess nauðsynlegu fé. —
Nokkrar umræður urðu um þessar tillögur og tóku til máls: formaður, Þóra Borg Einarsson, Har. Björnsson, Þorst. Ö. Stephensen, Hallgr. Bachmann, Wilhelm Norðfjörð o.fl. Voru allir sammála að bókasafnshugmyndin væri mjög góð og sjálfsögð. Voru báðar tillögurnar síðan bornar upp og samþyktar með samhljóða atkvæðum. Var nefndinni falið að sjá um framkvæmdir í samráði við stjórnina.
Þá lá fyrir að ákveða laun annars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurskoðandans, þess sem er kjörinn innan félagsins. Var samþykt að fela stjórninni að semja um það við endurskoðandann.
W. Norðfjörð bar þá upp tillögu um að gjaldkera félagsins yrði greitt kr. 5.00 pr. leikkvöld (miðað við grunngjald) sem aukagreiðslu fyrir bókhaldsstörf, einsog gert hefur verið undanfarið, en gleymst hafði á síðasta fundi að ákveða þetta. Tillagan var samþykt með öllum greiddum atkvæðum.-
Áður en fundi var slitið kvaddi Þorsteinn Ö. Stephensen sér hljóðs og skýrði frá, því að hann hefði orðið þess var að auglýsing úthlutunarnefndar Alþingis á styrk-veitingum til listamanna hefði farið fram hjá ýmsum leikurunum og þessvegna vildi hann nota tækifærið til að gefa upplýsingar í þeim efnum, síðan las hann upp auglýsingu Úthlutunarnefndar og skýrði málið nokkuð.
Þarsem ekki lá fleira fyrir fundinum sagði formaður honum slitið.

Brynjólfur Jóh. Val. Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1946, þ. 22. júní var haldinn
aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í
húsakynnum félagsins í Þjóðleikhúsinu.
Fundur settur kl. $8^{40}$. Aðeins 24 félags-
menn voru mættir í fundarbyrjun. Þar
eð sú tala var ekki nægjanleg til þess
að fundur væri lögmætur skv. félagslögum,
leitaði formaður álits fundarmanna
hvort [illegible] þætti að halda fund.
Var síðan samþykkt að halda fundi áfram
og var það með tilliti til þess að
svo margir félagsmenn voru ekki í
bænum og þaraf leiðandi gátu ekki sótt
fund og svo hinns að talið var líklegt
að einhverjir kæmu síðar á fundinn,
sem og varð.

Formaður gaf bráðabyrgðaskýrslu
um starfið á liðnu leikári. Alls voru
haldnar 88 sýningar á 5 leikritum.
Fyrsta leikritið (tekið upp aftur frá f. ári) var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gift eða ógift eftir J. B. Priestley, sýnt 9 sinnum. Annað leikritið var Uppstigning eftir Sigurð Nordal, sýnt 14 sinnum. 3. leikritið var Skálholt eftir Guðmund Kamban og var það jólaleikritið, alls sýnt 40 kvöld. 4. leikritið var „Vermlendingarnir" eftir Dahlgren - Möberg. Leikið 20 sinnum og 5. og síðasta leikritið var Tondeleyo eftir Leo Gordon. Höfust sýningar á því ekki fyrr en 6. júní og urðu aðeins 5 sýningar haldar, en ákveðið að byrja með þær sýningar að haustinu. Þá gat formaður þess að ráðist hefði verið í kaup og uppsetningu fullkomins ljósaútbúnaðs í leikhúsinu, og væri áætlaður kostnaður ca. 35.000 krónur. Í því sambandi gat hann þess að leiga myndi verða tekin fyrir afnot ljósaútbúnaðar til annara, og enn þess, að líklegt væri að húsið myndi vilja kaupa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allan ljósaútbúnaðinn ef eða þegar L.R. vildi selja eða hætti störfum. Þó var alt óráðið um það.
Gjaldkeri las svo upp bráðabirgða reikningsyfirlit pr. 31/5. 46.
Þá var gengið til stjórnarkosningar. Formaður var kosinn Brynjólfur Jóhannesson. Ritari: Valur Gíslason og gjaldkeri Þóra Borg Einarsson. Öll endurkosin. Varaformaður: Gestur Pálsson. Vararitari: Valdimar Helgason og varagjaldkeri Hallgrímur Bachmann.
Í leikritavalsnefnd (með stjórninni): Arndís Björnsdóttir og Þorsteinn Ö. Stephensen.
Þegar þessum kosningum var lokið stóð formaður upp og beindi orðum sínum til þeirra Öldu Möller og Lárusar Pálssonar og þakkaði þeim í nafni félagsins fyrir ágæta frammistöðu á erlendum vettvangi s.l. vetur, bæði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir leik og leikstjórn, þar sem þau hefðu orðið bæði félagi sínu (L.R.) og íslenzkum leikurum til stórs sóma.

Þá gaf Valur Gíslason fundinum skýrslu um starf afmælisnefndar. Rakti í fáum orðum hvað gert hefði verið og hvað ætlað væri að gera, jafnframt lagði hann fram tillögur nefndarinnar um fyrirkomulag hátíðahaldanna og annað þar að lútandi. Voru þær tillögur samþykktar eftir nokkrar umræður, og tóku margir fundarmanna til máls. Þá voru kosnir tveir félagsmenn til að aðstoða stjórnina við undirbúning afmælishófs o.fl. og ~~x~~ voru það frú Kristólína Kragh og Lárus Ingólfsson. Að lokum kvaddi Freymóður Jóhannesson sér hljóðs og mótmælti til þess að Leikfélagið eða stjórn þess legðist á sveif með öðrum aðila, [sem hann ekki vafa-grandi] [en] sem hefði miklum áhuga á því að koma á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagfæringum og fegrun umhverfis Þjóðleikhússins sem fyrst. Urðu nokkrar umræður um þetta og kvaðst formaður vera fús að ræða það mál við Freymóð eða aðra þá, sem hefðu áhuga á þessu máli, hvenær sem væri. Engin samþykkt var gerð í málinu. Þar sem ekki lá fleira fyrir fundinum var honum frestað þar til endanlegir reikningar lægju fyrir.

[illegible signature]  Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 11. janúar 1947 var haldinn hátíðarfundur í Leikfélagi Reykjavíkur, á leiksviðinu í Iðnó, til þess að minnast 50 ára stofnafmælis félagsins.

Formaður setti fundinn kl. $14^{15}$ og bauð félagsmenn velkomna, en mættir voru nær allir félagsmenn, sem staddir voru í Reykjavík, og var leiksviðið þéttskipað eldri og yngri leikurum svo og starfsmönnum félagsins.

Formaður bar upp til samþykktar tvær eftirfarandi tillögur.

1. Vegna þeirra sérstöku ástæðna, sem fyrir hendi eru, samþykkir fundurinn þau afbrigði frá félagslögunum, að heiðursfélagar megi vera 8 talsins, á hverjum tíma, í stað 6, enda verði á næsta aðalfundi samþykkt lagabreyting hér að lútandi. –

2. Fundur í Leikfélagi Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldinn í Iðnó laugardaginn 11. janúar 1947, samþykktir að kjósa þau frú Eufemíu Waage og hr. Brynjólf Þorláksson heiðursfélaga Leikfélags Reykjavíkur. –
Báðar tillögurnar voru samþykktar umræðulaust með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna.
Formaður ávarpaði hina nýkjörnu heiðursfélaga nokkrum orðum, en fundarmenn buðu þau velkomin með dynjandi lófataki
Þá bað formaður fyrsta ritara félagsins, Friðfinn Guðjónsson, að lesa fyrstu fundargjörð félagsins dags. 11. janúar 1897. En svo einkennilega og skemmtilega hafði viljað til, að fyrsta fundarbók félagsins, sem hafði verið týnd í allt að 30 ár og talin algjörlega glötuð, kom í leitirnar nokkrum dögum fyrir 50 ára afmæli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsins. Fannst hún í bókakassa hjá
einum fyrverandi formanni félagsins.
Friðfinnur varð við beiðni formanns
og las fundagjörðina, sem var löng
og fróðleg, og segir skemmtilega frá
stofnfundi félagsins. Var Friðfinni
þakkaður lesturinn með lófataki.
Formaður tók þá til máls og minntist
stofnenda og annara brautryðjenda félags-
ins. Las hann kafla og kafla úr
fyrnefndri fundargjörðarbók, sem nær
frá stofndegi ~~frá~~ til ársins 1905.
Sýndi hann fram á, með ~~[illegible]~~ tilvitnunum
þeim úr fundargjörðunum hversu
brautryðjendastarfið hafði verið örðugt,
og hve áhuginn og fórnfýsin hjá
þessum fyrstu félögum var mikil
og ódrepandi, og í hve mikilli þakkar-
skuld félagið og leiklistin í landinu
stæði við þessa frumherja skipu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagðrar leiklistarstarfsemi á Íslandi.–
Formaður beindi þá orðum sínum sér-
staklega til þeirra 3ja stofenda, sem
á lífi eru, og sátu þennan fund, þeirra
Friðfinns Guðjónssonar, Gunnþórunnar
Halldórsdóttur og Brynjólfs Þorlákssonar.
Í lok ræðu sinnar, ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~, bað formaður
fundarmenn að rísa úr sætum sínum
og votta stofendum og öðrum braut-
ryðjendum félagsins virðingu sína
og þakklæti. Fundarmenn risu úr
sætum sínum, sem einn maður og ríkti
djúp þögn nokkur augnablik. —
Þá las formaður heillaóskaskeyti og gat
um gjafir og blómasendingar, sem þegar
voru farnar að berast félaginu, og
var því tekið með dynjandi lófataki.–
Þá kvöddu þau sér hljóðs frú
Eufemia Waage og Brynjólfur Þorláksson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinir nýju heiðursfélagar. Þökkuðu þau þá sæmd og vinsemd, sem þeim hafði verið sýnd við þetta tækifæri, og báru jafnframt fram beztu hamingjuóskir til félagsins á þessu merka afmæli þess. –
Valur Gíslason tilkynnti fundarmönnum að afmælisrit félagsins sem H/F Leiftur gæfi út, en nefnd kosin af félaginu, hefði annast ritstjórn á, hefði komið í bókaverzlanir þennan dag, eins og ráðgert hafði verið, og myndu allir félagsmenn fá eitt tölusett eintak frítt og yrðu þau afhent í Iðnó síðar um daginn. – Formaður tilkynnti þá, að, að fundi loknum yrði haldið suður í kirkjugarð og lagðir blómsveigar á leiði 12 látinna félagsmanna, þeirra: Þorvarðar Þorvarðarsonar, Árna Eiríkssonar, Einars H. Kvaran, Indriða Einarssonar, Kristjáns Þorgrímssonar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefaníu Guðmundsdóttur, Borgþórs Jósefssonar, Jens B. Waage, Emilíu Indriðadóttur, Stefáns Runólfssonar, Mörtu Indriðadóttur og Ragnars E. Kvaran, en allt þetta fólk* hafði staðið í fylkingarbrjósti í félags-starfinu bæði sem stjórnendur, leikarar eða leiðbeinendur. — Um það bil, er formaður ætlaði að fara slíta fundi, komu tveir gestir á fundinn, þeir Matthías Þórðarson, formaður orðu-nefndar og ritari hennar Gunnlaugur Þórðarson. Matthías Þórðarson bað leyfis að segja nokkur orð á fundinum. Tilkynnti hann fyrst að forseta Íslands hefði þóknast að sæma formann Leikfélags Reykjavíkur Brynjólf Jóhannesson riddarakrossi Fálkaorðunnar, og þar með heiðra hann og félagið á 50 ára afmæli þess. Afhenti Matthías síðan formanni orðuna. Þá bendi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Matthias orðum sínum til félagsins, óskaði hann því allra heilla með 50 ára afmælið og þakkaði fyrir ~~fyrir~~ 50 ára heilladrjúgt og merkilegt menningar-starf, fór hann mjög lofsamlegum orðum ~~og~~ um listrænt gildi leikstarfsins sem hann taldi fyllilega standa á sporði því ~~við það~~, sem annarsstaðar væri, en sjálfur sagðist hann, bæði fyrr og síðar, hafa haft tæki-færi til að bera saman, leiklistina hér og ytra. - Fundarmenn þökkuðu Matthíasi komuna og hin lofsamlegu ummæli hans með áköfu lófaklappi. Formaður stóð þá upp og ávarpaði gestina, þakkaði þeim fyrir komuna og fyrir þá sómd sem sér og félaginu væri auðsýnd með orðuveitingunni.-

Fréttamenn frá öllum blöðunum og útvarpinu sátu fund þennan sem gestir, og birtust ítarlegar fréttir af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum strax daginn eftir, svo og myndir. –
Formaður sleit nú þessum hátíðarfundi,
sem hafði verið hinn virðulegasti og
ánægjulegasti í alla staði, var auð-
fundið að allir fundarmenn voru í
sérstakri hátíðar „stemmningu“, enda
fundurinn haldinn á þeim stað þarsem starfið
hafði verið unnið í 50 ár, baráttan
háð, – ósigrar og sigrar á vítt, – á leik-
sviðinu í 40 ár. –

Brynjólfur Jóhannesson Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsaðalfundur var haldinn í æfingasal félagsins í Þjóðleikhúsinu laugardaginn 1. febrúar 1947 kl. 4 síðd. Mættir voru 13 félagsmenn.
Formaður setti fundinn, gat þess að drættir sá, sem legði orðið á fundarhaldi þessu, stafaði aðallega af annríki í sambandi við 50 ára afmæli félagsins, sem haldið var dagana 11-14 jan., eins og fundarmönnum væri kunnugt.
Þá bar hann upp tvær umbókunbeiðnir sem lágu fyrir fundinum, frá þeim Herdísi Þorvaldsdóttur og Hauk Óskarssyni, voru þær báðar samþykktar.
Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og skýrslu endurskoðenda. Rekstrarhagnaður á árinu nam kr. 38.271.88., en skuldlaus eign pr. 31/7.47 kr: 103.114.01. – Nokkrar fyrirspurnir varðandi reikningana voru bornar fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þeim svarað. – Þá las formaður upp nöfn þeirra ~~og upphæð~~ sem sent höfðu peningagjafir á 50 ára afmæli félagsins og lagt hafði verið í styrktarsjóð. Hér fer á eftir nöfn gefenda og upphæðir:

| | | |
|---|---|---|
| Jónas Hvannberg, kaupmaður | Kr: | 2000.- |
| Haraldur Árnason | " | 1000.- |
| Ónefndur | " | 3000.- |
| Magnþóra Magnúsdóttir og Guðmundur Guðmundsson | " | 200.- |
| Áslaug og Helgi Sivertsen | " | 500.- |
| Svava og Gísli Pálsson | " | 100.- |
| Brynjólfur Þorláksson | " | 200.- |
| Melkíor Björnsson | " | 1000.- |
| Jóna og Sigríður Pálmadóttir | " | 500.- |
| Laura og Magnús Thorsteinsson | " | 5000.- |
| Klara og Jón Helgason | " | 500.- |
| Guðni Árnason og frú | " | 100.- |
| Zophonias Baldvinsson og frú | " | 200.- |
| Sigurjón Guðmundsson | " | 1000.- |
| | fl. | 15.300.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | fl. | 15.300.- |
| Frá Anna Friðriksson | kr. | 1.000.- |
| " Guðrún Eiríksdóttir | " | 500.- |
| | | 16.800.- |
| auk þess frá útvarpinu fyrir flutning á afmælisleiksýningunni | | 5.000.- |
| Samtals | | 21.800.- |

Öllum gefendum hafði verið þakkað, bæði persónulega og bréflega og auk þess sent eitt eintak af afmælisriti félagsins.
Þá voru reikningarnir bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir í einu hljóði. — Þá kvaddi Freymóður Jóhannsson sér hljóðs, þakkaði hann fyrir boð á hátíðarsýningu félagsins (en þangað hafði öllum félagsmönnum verið boðið ásamt ýmsum öðrum t.d. öllum föstum „abonentum“ félagsins). Lýsti Freymóður ánægju sinni yfir hátíðarsýningunni svo og fundinum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinsvegar ekki að sama skapi yfir
afmælisljóðinu um kvöldið þ. 12. janúar.
Vítti hann það, að stjórnin skyldi hafa
staðið fyrir úrvalningum í ljóðinu, og
jafnframt að hvergi hafði verið getið
þess félagsskapar, sem hann taldi móður
leikfélagsins, en það var, sagði hann,
stúkan Einingin No 14. 12 af stofendum
L. R. hefðu verið félagar Einingar-
innar, sagði hann. - Þá átaldi hann
það, að í afmælisriti félagsins, sem
hann fór að öðru leyti lofsamlegum
orðum um, væri hvergi getið sín við
myndir þær af leikendum eftir hann,
sem þar voru birtar. Taldi hann
sig þó hafa unnið til þeirrar viður-
kenningar. Formaður útgáfunefndar,
Valur Gíslason, varð fyrir svörum
hvað áhrærði afmælisritinu. Kvað hann
fúslega játa að margt hefði betur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mátti fara við útgáfu ritsins, og harmaði
það að gleymst hefði að prenta nafn
Freymóðar við leiksviðsmyndir hans, en
taldi það þó enga höfuðsök, og sama
gilti ~~fyrir~~ um aðra málara, sem leiksviðs myndir voru
eftir í bókinni; hinsvegar hefði meiningin
verið að birta með prívatmyndum allra
hvaða ár þeir hefðu starfað hjá félaginu,
og þá var hægt að sjá eftir hverju hvað
var í flestum tilfellum. En þetta hefði
fallið niður við myndir flestra starfs-
manna, því miður. Undirbúningur
að útgáfu bókarinnar hefði verið mjög
sein-unninn, og því allt á síðustu stundu,
ef svo mætti segja, og bar margt til.
Ýmislegt hefði því ekki farið eins vel
úr hendi, eins og nefndin hafði óskað
og ætlað sér, og yrðu menn að virða það
til betri vegar. – Brynjólfur Jóhannesson
svaraði í sókninni Freymóðs viðvíkjandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úrveitingum í hófinu.
Þá voru kjörnir endurskoðendur og voru kosnir þeir Jón Leós í stað Wilhelm Norðfjörð, sem baðst undan endurkosningu, og Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi. Fleira ekki tekið fyrir - fundi slitið.

[illegible signature]

Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. maí 1947 kl. 4 síðd. var fundur haldinn í Þjóðleikhúsinu (æfingasal L.R.) Mættir voru 34 félagar.
Formaður setti fundinn, tilkynnti að minnismerki sem félagsstjórnin hefði látið gjöra í tilefni 50 ára afmælis félagsins, og ekki hefði verið tilbúið fyrr nú afhent félagsmönnunum. Afhenti hann síðan öllum ~~x~~ viðstöddum merkið en þeir þökkuðu fyrir.

Tilefni fundarins var þó aðallega að ræða uppástungu sem komið hafði fram á afmælishófi félagsins frá séra Jakob Jónssyni um leikför til Ameríku. Hafði hann komið hugmyndinni á framfæri við menn vestan hafs og þeir tekið henni tveim höndum, aðallega hafði Árni Sigurðsson, sem séra Jakob hafði snúið sér til unnið að framgangi málsins vestra, og skrifað séra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jakob all ítarlegar upplýsingar. Formaður hafði fengið bréf þetta hjá síra Jakob og las hann það nú fyrir fundarmönnum. –
Formaður bað fundarmenn láta í ljós skoðun sína á málinu. Tóku margir til máls, og leist flestum allmiklir örðugleikar á framkvæmdum, en þó bar að athuga málið vel og að það væri mjög æskilegt ef L. R. gæti farið leikför til Ameríku. Að lokum var samþykkt að kjósa 3ja manna nefnd til að rannsaka alla málavöxtu betur og hlutu kosningu, Brynjólfur Jóhannes., Haraldur Björnsson og Þorsteinn Ö. Stephensen
– Lárus Sigurbjörnsson bar fram tillögu í sambandi við þetta mál, og var hún árétting á samskonar tillögu sem ~~ho~~ hann hafði flutt á aðalfundi fyrir nokkrum árum og þá verið samþykkt en ekkert orðið úr framkvæmdum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur fór í þá átt að félagið legði
Árna Sigurðssyni leikstjóra heim til
samstarfs við félagið á næsta hausti til
kynningar og undirbúnings leikfarar til
Vesturheims.
Nokkrar umræður urðu um tillöguna,
og var það álit flestra sem til máls tóku, að fundurinn
hefði ekki heimild til að taka slíka
ákvörðun, sem í tillögunni fólst, og
var henni síðan vísað til nefndar
þeirrar, sem kosin hafði verið, til
frekari athugunar.
Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

[illegible] Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. júlí 1947 var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur. Fundurinn var settur kl. 9.05 síðd. og voru þá mættir 28 félagsmenn. Var fundurinn talinn lögmætur þó nokkuð vantaði á tilskilda tölu mættra félaga, þar eð vitað var um svo marga félagsmenn sem voru fjarverandi og því ekki gátu sótt fund.

Umboð voru frá 6 félögum og voru þau öll gild talin.

Ritari las fundargerðir síðustu 3ja funda og voru þær samþykktar. H. Bachmann gerði þó smá athugasemd við ummæli bókuð eftir Brynjólfi Jóh. en óskaði ekki að sú athugasemd yrði bókuð.

Inntökubeiðnir lágu fyrir frá Róbert Arnfinnssyni og Guðjóni Einarss. Frestað til framhaldsfundar að bera þær undir atkvæði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður gaf skýrslu um leik-
starfið á vetrinum. Alls (leikið) 91
sýning á 6 leikritum, og hátíðssýningar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tondeleyo | 11 | sinnum | |
| Jónsmessunæturd. | 10 | " | |
| Ég man þá tíð | 29 | " | |
| Hátíðarsýning | 4 | " | |
| Álfafell | (11) 10 | " | barnaleikrit |
| Börnin okkar | 12 | " | |
| Arsladraugurinn | 14 | " | |

Aðsókn að leikritunum var mjög
misjöfn og minni en árið áður, og
varð all mikið tap á sumum leikritum.
~~um og~~ Þá varð og mjög mikill kostn-
aður við 50 ára afmæli félagsins en
það vissu félagsmenn um og hefði alltaf
verið gert ráð fyrir því. Endanlegir
reikningar voru ekki fyrir hendi og því ekki
hægt að gefa nánari skýrslu.

Gjaldkeri las því næst bráða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leirgða reikningsyfirlit og gaf nokkrar upplýsingar varðandi fjárhagslegri afkomu hvers einstaks leikrits, þar sem þó hvorki var tekið með tekjur vegna styrkja eða útgjöld vegna almenns kostnaðar sem jafnast á hvert leikkvöld. Kristinn Friðfinnsson gerði fyrirspurn viðvíkjandi kostnaði við æfingasal og voru upplýsingar gefnar um það. Lárus Sigurbjörnsson bað menn ekki verða uppnæma þótt stundum yrði tap á leikritum, ef um góð verk væri að ræða, því jafnan mætti búast við tapi á góðum leikritum ~~og þá væri það líka þess virði~~, kvaðst persónulega ekki harma töp, sem þannig væru til orðin, og þau mættu ekki verða til þess að fæla menn frá að stefna hátt í leikritavali og starfi.

Þá var samþykkt sú lagabreyting

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að heiðursfélagar mættu vera 8 sam-
tímis í stað 6, og var sú lagabreyting
í samræmi við fundarsamþykkt frá
11. jan. 1947.

Þá var gengið til stjórnarkosningar:
Formaður var kosinn Brynjólfur Jóhannesson
með 23 atkvæðum.
Ritari: Valur Gíslason með 22 atkvæðum
Gjaldkeri: Þóra Borg Einarsson með 14 "
Varaformaður: Gestur Pálsson
" ritari Valdimar Helgason
" gjaldkeri Hallgr. Bachmann
Í leikritavalsnefnd: Arndís Björnsd.
og Þorst. Ö. Stephensen.

Þá kvaddi formaður sér hljóðs og
þakkaði félagsmönnum traust það er
þeir sýndu stjórninni með því að endur-
kjósa hana. Síðan gat hann þess að
þ. 21. júlí yrði minnisvarði yfir
~~fallna~~ norðmenn, fallna í stríðinu, hér

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við land, afhjúpaður í Fossvogskirkjugarði.
Rakti hann sögu þessa minnisvarðamáls.
Leikfélag Reykjavíkur hefði raunverulega
stofnað þann sjóð, er minnisvarðinn var
reistur fyrir. Haustið 1942 lék frú Gerd
Grieg með félaginu í leikritinu Hedda Gabler
eftir Ibsen, einnig hafði hún leikstjórn á
hendi. Frú Grieg vildi ekki taka nein
laun fyrir störf sín, og ákvað þá stjórn
L.R. að af-henda henni og sendiherra
Norðmanna hér á landi 1000 króna
gjöf frá félaginu, með þeim tilmælum að
peningunum yrði varið til þess, á ein-
hvern hátt, sem þau ákveðu, að minnast
veru Norðmanna hér á stríðsárunum.
Síðar ákváðu þau, í samráði við stjórn
L.R. að stofna þennan minnisvarðasjóð.
Sama gáfu Leikfélagið og Tónlistarfélag-
ið sameiginlega aðrar 1000 krónur
í sjóðinn í tilefni að sýningu á Pétri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamlt vorið 1944, en þar hafði hún þjóðg einnig leikstjórn á hendi. Síðan hefði sjóðnum borizt gjafir víðar frá og nú væri loks komið svo langt, að afhjúpun minnisvarðans færi fram 21. þ. m. og myndi Ólafur ríkisarfi Norðmanna framkvæma afhjúpunina. Allir félagsmenn L. R. væru að sjálfsögðu velkomnir við afhjúpunarathöfnina og væri mjög æskilegt að þeir yrðu sem flestir viðstaddir.

Valdimar Helgason kvaddi sér nú hljóðs. Kvað sig langa, til að minnast með nokkrum orðum á 50 ára afmælis félagsins og hátíðahaldanna í því sambandi. Hann sagði það almennt mál manna að öll þau hátíðahöld hefðu farið svo vel fram, að til stór sóma hefði verið fyrir félagsmenn og félagið í heild. Kvað hann fulla ástæðu til þess, að félagsfundur færi fram sérstakar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þakkir til stjórnarinnar fyrir alt starf hennar og við undirbúning og framkvæmd þessara hátíðahalda. Lagði hann fram eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn vill þakka stjórn L.R. fyrir mikið og vel unnið starf í sambandi við hátíðarsýningu og hátíðahöld í tilefni af 50 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur á síðastliðnu leikári."

Tillaga þessi var samþykt með lófataki.

Formaður þakkaði Valdimar og félagsmönnum öllum.

Hallgrímur Bachmann óskaði stjórninni velgengis á komandi leikári og bað fundarmenn klappa fyrir henni, sem var gert.

Ekki lá fleira fyrir fundinum og var honum síðan frestað. –

Brynjólfur Jóhannesson. / Valur Gíslason

Mánudaginn 15. marz 1948 var haldinn
framhalds-aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur
í æfingasal félagsins í Þjóðleikhúsinu.
Fundurinn settur af formanni kl. 20,40.
Mættir 20 félagar. Ritari las fundargerð
síðasta fundar, Hún borin undir atkvæði
og samþykkt. Þá voru teknar fyrir inn-
tökubeiðnir, sem lágu fyrir, frá Robert
Arnfinnssyni (127) og Guðjóni Einarssyni.
Sá fyrrnefndi var samþykktur með öllum
greiddum atkvæðum, en beiðni Guðjóns
feld (fékk aðeins 10 atkvæði), enda uppfyllti
hann ekki ~~[illegible]~~ skilyrði til inntöku í
félagið skv. félagslögum. – Þá gaf formaður
Val Gíslasyni orðið og flutti hann skýrslu
afmælisrits- og bókasafnsnefndar. Skýrsla þessi
skal ekki rakin hér, enda er hún í bréfa-
skjölum félagsins. Alls höfðu verið keypt
189 bindi ~~[illegible]~~ til bókasafnsins, og kaup-
verð þeirra numið kr. 3417.75.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kostnaður ~~félagsins~~ nefndarinnar við afmælisritið hafði numið kr: 1026.83. En fyrir þetta hafði félagið eignast 100 tölusett eintök svo og öll myndamót. En auk þessarar upphæðar hafði félagið greitt kr. 2500.- fyrir undirbúningsvinnu og við útgáfu ritsins. Svo alls hafði verið eytt til ritsins kr: 3526.83.

Formaður þakkaði nefndinni fyrir vel unnið starf. – Gjaldkeri félagsins Þóra Borg Einarsson las því næst upp endurskoðaða reikninga félagsins. Rekstrartap var skv. rekstrarreikningi kr: 76.737.09 en frá því má dragast vextir, svo og gjafir til félagsins í tilefni 50 ára afmælisins samtals kr: 17.775.51, svo raunverulegt rekstrartap var kr: 58.961.58, var mikill hluti þess í sambandi við 50 ára afmælishátíðahöldin. Þá las gjaldkeri einnig upp all-langa skýrslu frá sér viðvíkjandi sjóðskekkju frá árinu 1946, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komið hafði í ljós við endurskoðun
reikninga 1947-: En þessi skekkja hafði
leynst í fyrra árs uppgjöri vegna rangrar
uppsetningar reikninganna. Gjaldkeri
kvaðst ekki geta skýrt hvernig á þessari
sjóðsskekkju stæði, nema það eitt að hún
hefði ekki dregið sér þessa peninga sjálf.
Það eitt væri víst. Hún gat þess að á
árinu 1946 hefði tvívegis verið brotizt
inn á skrifstofu félagsins í Þjóðleikhúsinu.
Engum peningum hefði verið stolið, enda
þeir ekki geymdir þar þá, ekki hefði hún
heldur þá orðið vör við að nokkur
fylgiskjöl hefði horfið, þó þyrði hún ekki
að fullyrða að svo hefði ekki verið. Hún
hefði þá strax tilkynnt rannsóknarlögregl-
unni innbrotin, en ekki hefði hún fengið neinar
upplýsingar um að þjófarnir hefði stolið
eða eyðilagt fylgiskjöl, sem kynnu að hafa
verið geymd þar. Strax og gjaldkeri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

varð þess vís, frá endurskoðenda, að þessi skekkja væri fyrir hendi, hefði hinn beðið varagjaldkera að aðstoða sig við leit að henni, og um það til er hinn (þ.B.E.) fór utan, í október s.l., hafði hinn álitið, og H. B. einnig, að skekkjan væri fundin, hinn hefði því farið í utanför sína fullviss þess að alt væri í lagi, og beðið varagjaldkera að gegna störfum fyrir sig í fjarveru sinni. Var það í samráði við formann og ritara. Meðan hinn var erlendis hefði hinn ekki frétt neitt af þessu máli, það hafi því verið mikið áfall fyrir sig þegar heim kom, að ekkert hefði upplýsts, frétt fyrir nákoma leit beggi varagjaldkera og endurskoðenda um sjóðskekkjuna. Þegar svo var komið kvaðst hinn ekki hafa séð aðra leið en að greiða sjálf þessa upphæð, sem skekkjan nam, en áskildi sér jafnframt rétt til endurgreiðslu ef síðar fyndist hvernig þessari skekkja væri varið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða einhverjum hluta hennar. Þar sem ritari félagsins hefur ekki skýrslu gjaldkera undir höndum (gjaldkeri mun hafa hana sjálf) mun ekki gerð frekari grein fyrir henni hér, en aðeins þess getið að í henni voru ýmislegar ásakanir til einstakra ónafngreindra félagsmanna fyrir miður vinsamlega framkomu gagnvart henni í þessu máli. M.a. það að einn félagsmaður hefði gert fyrirspurn til rannsóknarlögreglunnar um hvort búið væri að kæra hana fyrir sjóðþurð, og það á þeim tíma þegar málið var á fyrsta stigi rannsóknar. Að lokum lýsti gjaldkeri því yfir, að þar eð hún teldi sig hafa alveg hreinan skjöld í þessu máli og hefði nú greitt þá upphæð, sem um var að ræða, hefði hún ákveðið að taka nú aftur við gjaldkerastarfinu, sem varagjaldkeri hafði gegnt fyrir hana ~~til~~ frá því hún fór utan og til þessa. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður gaf nú öðrum endurskoðanda Jóni Leós orðið. Las hann upp sundurliðaða skýrslu um rekstrarafkomu hvers leikrits fyrir sig, svo og skrá yfir kaupgreiðslu til einstakra félagsmanna. Einnig las hann upp nokkrar athugasemdir frá sér viðvíkjandi reikningunum, t.d. um nokkrar greiðslur til stjórnarinnar. Formaður, ritari og gjaldkeri svöruðu hver fyrir sig og gerðu grein fyrir þessum greiðslum, sem voru allar fyrir störf, sem ekki komi stjórnarstarfinu við. V.G. gat þess sérstaklega að sér fyndist það ekki bera vott um nákvæmni hjá endurskoðanda að telja sem kaupgreiðslu til sín kr. 3000.-, sem hann hefði veitt móttöku vegna bókasafnsnefndar til bókakaupa, enda upphæðin ekki færð á rekstrarreikning heldur eignareikning. Har. Björnsson tók næstur til máls. Gerði hann fyrst nokkrar fyrirspurnir viðvíkjandi reikningum félagsins, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var þeim svarað. Þá ræddi hann nokkuð þá
sjóðþurð eða skekkju, sem komið hefði í ljós
hjá gjaldkera. Taldi hann frágangssök að
Þóra Borg Einarsson gegndi áfram gjald-
kerastörfum fyrir félagið, en áleit hinsvegar
sjálfsagt að láta rannsaka málið að nýju.
Ef hinsvegar það væri ákveðin krafa
gjaldkera að taka aftur við starfinu yrði
fundurinn að taka ákvörðun í gagnstæða átt,
og bar hann í því sambandi fram tillögu
um að fundurinn víkja Þóru Borg Einarsson
úr starfi sem gjaldkeri. Samkvæmt ósk
formanns lagði hann fram skriflega tillögu
í þessa átt. Umræður um þetta mál
urðu bæði miklar og langar, og eru engin
tök á að rekja þær allar hér. Þessir félags-
menn tóku til máls: Hendrik Berndsen,
Haukur Óskarsson, Wilhelm Norðfjörð,
Lárus Pálsson, Ævar R. Kvaran, Hafliði
Bjarnason, Magnþóra Magnúsdóttir, Arndís

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björnsdóttir, Þorsteinn Ö. Stephensen, Gestur Pálsson, Jón Leós, formaður, ritari og gjaldkeri Þóra Borg Einarsson, og tóku sumir oftar en einu sinni til máls. Allir ráðsmenn, að H.[afsteins] Bj. og M. M. undanskildum, voru á einu máli um það, að ekki gæti komið til greina að gjaldkeri héldi áfram að hafa fjárreiður félagsins með höndum og hvöttu hana mjög til að segja af sér starfi af sjálfsdáðum, svo ekki þyrfti að koma til þess að samþykkja þá tillögu um frávikningu frá starfinu, sem fyrir lá, enda töldu sumir þá tillögu tæplega löglega, þarsem þetta væri raunverulega sami fundurinn sem hefði kosið hana sem gjaldkera. Ráðsmenn gátu þess, að gefnu tilefni, að þessi afstaða þeirra væri ekki sprottin af neinni persónulegri óvild til Þ. B. E., en hún hafði í svarræðum sínum látið mjög skína í að svo mundi vera, hélt hún mjög fast við ákvörðun sína eða kröfu um að taka

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við gjaldkerastarfinu aftur, og taldi sig hafa allan rétt til þess. – Undir þessum umræðum komu fram ýmsar fyrirspurnir til stjórnarinnar og var þeim svarað. – Meðal annars var það upplýst að sjóðskekkjan nam um 3200.- kr. Að lokum, eftir ræðu Jóns Kross, þar sem hann hvatti Þ. B. E. mjög eindregið til að segja af sér, og einbeita öllum sínum kröftum að því að leita að og finna þessa reikningsskekkju, ákvað Þ. B. E. að segja af sér sem gjaldkeri. Formaður gerði þá þessa fyrirspurn til hennar: „Segir Þóra Borg Einarsson af sér gjaldkerastarfinu“ Þ. B. E. svaraði: „Eg er þvinguð til að segja af mér“.

Formaður leitaði nú álits fundarins um það að fela varagjaldkera Hallgrími Bachmann gjaldkerastarfið út starfsárið, og var það samþykkt. Síðan voru reikningar félagsins bornir undir atkvæði og samþykktir með öllum gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afkvæðum. Þá var samþykkt að greiða endurskoðanda Jóni Bíós 800.- krónum í laun. Einnig samþykkt launakjör Lárusar Pálssonar hin sömu og árið áður.

Þá skýrði formaður frá að Þjóðleikhúsinu í Oslo hefði af félaginu verið boðið að senda hingað leikflokk og sýna hér Rosmersholm eftir H.I. sem gestir L.R. Vonir stóðu til að úr leikförinni gæti orðið og þá líklega í maí. Þá skýrði hann einnig frá því að félagið hefði boðið þeim Önnu Borg og Poul Reumert að koma og leika með félaginu í 2 leikritum í vor. Samningar stæðu yfir, og miklar vonir væru um að úr þeirri leikheimsókn gæti orðið, en tími ekki enn fast ákveðinn. Í þessu sambandi gat Þ.B.E. þess, að þar sem hennar mál hefði fengið þessi endalok, sem nú væri orðið, gæti það haft einhver

áhrif á umrædda heimsókn þeirra Reumert hjónanna. Formaður spurði þ.B.E. hvort hér væri um hótun að ræða, ~~[illegible]~~ en fékk óákveðið svar.

Í fundarlok kom fram ósk um að aðalfundur yrði haldinn ekki seinna en einum mánuði eftir að síðasta leiksýning fóri fram. Formaður kvaðst mundi reyna að taka þá ósk til greina, ef tök væru á.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum og var honum slitið.

Athugasemd frá þ.B.E. við ummælum um svar til formanns um það hvort taka ætti ummæli hennar sem hótun. Hún svaraði. Nei, alls ekki, málið úr mínum höndum, og þau semja þá sjálf.

Brynjólfur Jóhannesson.
Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudaginn 18. apríl 1948, kl. 3[15] var aukafundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur, í æfingasal félagsins í Þjóðleikhúsinu. Mættir 25 félagsmenn, en nokkrir komu við síðar. Formaður setti fundinn og skýrði frá til~~gang~~efni hans. En það var leikheimsókn Reumertshjónanna sem fyrirhuguð hafði verið. Rakti hann, í stórum dráttum sögu þess máls og hvernig það nú stæði. Á s.l. hausti hafði stjórn félagsins leitað hófana hjá þeim hjónum um það hvort tök myndu verða á því að þau kæmu hingað og léku með félaginu, sem gestir þess á þessu vori. Þau hjónin hefðu tekið þessari málaleitan mjög vel. Niðurstaðan varð sú að félagið gerði þeim tilboð að koma og leika með félaginu í 2 leikritum, sem þau ákvæðu. Leikritin, sem þau völdu voru The Little Foxes

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir Lilian Hellman og Swedenhjelms.
Upprunalega var gert ráð fyrir að þau
komu í maí, en síðar breyttist það
þannig að þau komu ekki fyrr en í júní,
og stafaði sú breyting af því, að þau
sáu fram á að þau mundu ekki vera laus
frá starfi við kgl. leikhúsið fyrr. Leik-
ritavalsnefnd hafði verið með í ráðum
um þetta mál. Áður en endanlega hafði
verið gengið frá samningum við þau
hjónin kom fram skilyrði frá þeirra
hendi, eða réttara sagt frá frú „Önnu
Borg, sem hafði þær afleiðingar, að samn-
ingar strönduðu og var því málið nú
lagt fyrir þennan fund. Formaður
hafði staðið í bréfaskriftum við hr.
Poul Reumert út af þessari fyrirhugaðri
leikheimsókn, og meðal annars gert þá
fyrirspurn til hans, hvort þau hjónin
hefðu nokkrar sérstakar óskir fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vera í sambandi við leikstjórn eða hlutverkaskipan. Þessu svaraði hr. P. R. í bréfi litlu síðar, að svo væri ekki, nema hvað hann lauslega gerði uppástungu um 3 ákveðna leikara í 3 ákveðin hlutverk, en tók þó fram, að það væri engan veginn ákveðin ósk eða krafa, þareð hann hefði ekki skilyrði til að dæma um slíkt.
Stjórnin taldi sig því hafa algjörlega frjálsar hendur hvað leikstjórn. viðvíkur og gerði þá þegar ráðstafanir í þeim efnum, og ákvað að fela þeim Lárusi Pálssyni og Har. Björnssyni að hafa á hendi leikstjórn. Sú ákvörðun var tekin í samráði við leikritavalsnefnd. - Það kom því stjórninni mjög á óvart, er Þóra Borg Einarsson, sem var umboðsmaður þeirra hjóna hér, á fundi með stjórninni h. 29. mars s.l. tilkynnti að Anna Borg setti það ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir komu sinni, að Haraldur Björnsson kæmi ekki nálægt sýningu, hvorki sem

leikari eða leikstjóri, á Swedenhjelms, einsog fyrirhugað var. Í hans stað stakk hún uppá Lárusi Sigurbjörnssyni, sem leikstjóra, og sagði að systir sín væri því samþykk. Ástæðu fyrir þessari neitun á samstarfi við H.B. sagði hún vera framkomu hans gagnvart sér (Þ.B.E.) í hennar máli sem gjaldkeri. Gaf hún svo upplýsingar við fyrirspurn frá formanni. Formaður og ritari mótmæltu þessu skilyrði, töldu það mjög hættulegt fyrir farsæla framkvæmd þessarar heimsóknar. Þeir tilkyntu henni einnig strax að þeir féllust ekki á uppástungu hennar um Lárus Sigurbjörnsson sem leikstjóra. Formaður benti henni á að með þessu væri svo fleygur rekinn í þetta mál, sem auðveldlega gæti eyðilagt það og raunverulega kipt því úr hendi stjórnarinnar og það gert að deilumáli innan félagsins. Þ.B.E. endurtók að þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri ófrávíkjanlegt skilyrði. Formaður ákvað nú að kalla saman sérstakan stjórnarfund og boða á hann leikritavalsnefnd, varaformann og þann leikstjóra, sem samþykktur hafði verið af þeim hjónum (H.P.) Á þeim fundi var það samþykkt að, þar eð orsök þessa óvænta skilyrðis væri eingöngu persónulegar illdeildur tveggja félagsmanna út af hreinu utanfélagsmáli gæti félagið ekki fallizt á réttmæti þess, og að reynt yrði að fá frú Ó. B. til að falla frá þessu skilyrði. Formaður skrifaði svo hr. P. R. í samræmi við þetta, jafnframt var þ. B. E. tilkynnt hið sama, á fundi sem stjórnin hafði með honum. Hún taldi litlar líkur til þess að systir sín tæki skilyrði sitt aftur, en sagðist skyldi flytja henni þessi boð. Valur Gíslason kom þá fram með þá uppástungu, til málamiðlunar, að höfð væri sama tilhögun á leikstjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við Svedenhjelms

sem höfð var þegar þau hjón léku síðast með félaginu, árið 1938, en þá tóku þau sjálf við leikstjórn & þau komu, á þann hátt þyrfti frú A.B. ekki að hafa beint samstarf við H.Bj. — Litlu síðar kom Þ.B.E. inn að máli við stjórnina og spurði hvort hún mætti flytja suður, sinni þá uppástungu, sem tilboð frá félaginu. Stjórnin játaði því, ef það gæti orðið til þess að fullt samkomulag gæti náðst um þetta deiluatriði. — Nokkru síðar kom símskeyti frá þeim hjónunum til Þ.B.E. þar sem þau segjast koma. Stjórnin taldi nú að viðunandi lausn væri fengin á þessu leiðinda máli og kvaddi strax til fundar með leikritavalsnefnd, og leikstjórum til þess að skýra frá hvernig málið nú stæði, og til að ganga endanlega frá ýmsum framkvæmdaatriðum. Þessi fundur var haldinn laugardaginn 17 apríl í Iðnó. Sama dag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafði formanni borizt bréf frá frú Ó. B., þar sem hún enn endurtekur þá ákvörðun sína að hún vinni ekki með H. B., og ber hún mjög þungum sökum fyrir framkomu hans gagnvart syni sínum, ennfremur áfellizt hún félagsmenn almennt mjög fyrir meðferð á máli sonar hennar. Í þessu bréfi tilkynnir hún að hún gangi úr hlutverki því, sem hún átti að leika í Gwedinhjelms. Hún óskar þess sérstaklega, í bréfinu, að Har. Björnsson fái að heyra hvað í því stendur. Har. Bj. tilkynnti þá strax, að hann tæki ekki að sér leikstjórn undir þessum kringumstæðum. Fundarmenn voru sammála um að bréf frú Önnu og uppástunga væri sízt til þess að leysa málið, heldur þvert á móti, og töldu ásakanir hennar í garð félagsins í senn óréttmætar og vanhugsaðar. Formaður sagði þá, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og komið var, gæti stjórnin ekki lengur ráðið fram úr þessu máli, án þess að bera það undir félagsfund og ákvað að kalla saman aukafund hið bráðasta. – Sá fundur var svo ~~haldinn~~ ákveðinn daginn eftir og voru fundarboð send út sama kvöld. – Er formaður hafði þannig rakið gang þessa máls óskaði hann eftir því, að fundarmenn létu álit sitt í ljósi og síðar yrði svo tekin ákvörðun um hver væri vilji þeirra í þessu máli.

Fyrstur tók til máls Lárus Sigurbjörnss. Kvaðst hann vera þægilega undrandi yfir því að frétta að stungið hafi verið uppá sér sem leikstjóra. Sig furðaði bara á því að ekki skyldi hafa verið minnst á þetta við sig. Hann hefði strax getað gefið þær upplýsingar, að það hefði hann ekki getað tekið að sér bæði sökum anna og af öðrum orsökum. Álit það skyldu félagsins að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráða fram úr þessum vanda, sem væri
sjálfskaparvíti. Taldi sennilegt og samkv.
venju að leikgestir gætu sett skilyrði. Lagði
fram tillögu um að samningum yrði haldið
áfram á grundvelli frú Ö. B. og með H. Bj.
sem leikstjóra. Skoraði hann mjög eindregið
á H. Bj. að taka þetta að sér, annað væri
ókurteisi. - Þóra Borg Einarsson ~~[illegible]~~
tók næst til máls, sagðist hafa verið með
skilaboð (munnleg) þegar hún kom heim,
frá syni sínum viðvíkjandi leikstjórn
og hlutverkaskipan, en þar sem hún
hefði ekki verið boðuð á stjórnarfund, eins
og hún hafði vonast, hefði hún ekki haft
tækifæri til að koma þeim á framfæri. -
Þorleifur Þorleifsson spurðist fyrir um
hvort ekki hefði verið gerð uppástunga
um fleiri eða aðra leikstjóra. Taldi hann
meiri ástæðu til að taka tillit til Önnu
Borg en Har. Björnssonar. - Har. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvaðst vera mjög hissa á þessu öllu. Hvers-vegna þessi hjón, sem höfðu verið vinir hans í 20 ár, nú taka þessa afstöðu til hans. Hversvegna engin frambærileg ástæða væri þá borin fyrir þessari útskúfun. Það væri vegna ~~þessarar~~ óheiðarlegs mál-flutnings við þau gagnvart sér út af máli Þóru Borg. Málið væri nú þannig flutt af Ó. B. að þau teldu félagið hafa brotið freklega af sér gagnvart Þóru, í stað þess, að það væri hún, sem hefði brotið af sér gagnvart félaginu. Áleit það megin atriði í þessu máli hvort félagið gæti þannig látið knésetja sig. Hann sjálfur væri aukaatriði. Sagði að ekki kæmi til mála, að hann tæki að sér leikstjórn, einsog komið væri. Spurði Þ.B.E. hvort hún hefði sagt, að hann hefði átt að hafa farið til lögreglunnar og spurt hvort búið væri að kæra hana.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sagði slíkt hein ósannindi og mundi hann gera ráðstafanir til þess að fá skriflega yfirlýsingu um það. – Þ. B. E. svaraði H. Bj. Sagði málið taka skakka stefnu, þar sem hún væri nú aftur orðin miðpunktur deilu á félagsfundi. Kvaðst hann það að hún væri dvíljandi orsök þess. En þetta væri einkamál milli hennar og H. Bj. og hún mundi þora að mæta honum hvar sem væri. – Þegar hér var komið umræðum komu fram óskir um að formaður læsi bréf frá "O. B. upphátt fyrir fundarmönnum. Formaður gerði það svo og stutt bréf frá hr. P. R. skrifað eftir bréf "O. B. þar sem hann tilkynnir að hann sé reiðubúinn til að vinna með hverjum þeim, sem L. R kynni að ákveða. Bréf frú "Önnu, sem er ritað á dönsku, hefur verið áður getið. – Lárus Sigurbjörnsson ítrekaði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tillögu sína og tilmæli til Har. Bj. um að taka að sér leikstjórnina. Har. Bj. endurtók fyrri ummæli sín í þeim efnum. — Lárus Pálsson taldi málið komið í fullt óefni, og það einungis sökum kjaftæðis eins. Sagði að í raun og veru væri alt félagið sett á bekk með óþekkum skólakrökkum og birt vegna afstöðu þess til máls Þ. B. E. Taldi engar gildar ástæður, hvorki listrænar né annars eðlis, færðar fram fyrir neitun um samvinnu við H. Bj. Taldi óhjákvæmilegt að mikill skuggi mundi falla á hina fyrirhuguðu heimsókn. Taldi það hart, að þegar tækifæri væri á að fá hingað sem gesti tvo af ágætustu ef ekki allra fremstu listamönnum Norðurlanda, þá væri það eyðilagt með kjaftæði og skepnuskap innan félagsins. Taki þeir til sín, sem eiga, sagði hann. Þ. B. E. svaraði honum nokkrum orðum og sagðist ekki taka ummæli hans til sín.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurtók hann fyrri ummæli sín um að hann hefði verið með munnleg skilaboð frá "Ömmu" systur sinni. Minntist einnig á að sumir félagsmenn og aðrir hefðu talað mjög illa um sig áður en hann hefði haft tækifæri til að svara fyrir sig. Nefndi engin nöfn. Emilía Borg kvaðst geta vottað að í bréfum H.B.E. til þeirra Reumertshjóna væri ekkert nema það sem væri satt og rétt. - Wilhelm Norðfjörð sagði að fyrir fundinum lægi fyrst og fremst að taka ákvörðun í þessu máli, en ekki það að menn færu að mannhöggvast hver átti sökina. Einnig gerði hann fyrirspurn viðvíkjandi fjárhagshlið málsins. Formaður svaraði þeirri fyrirspurn síðar á fundinum og gerði grein fyrir þeirri hlið tilboðs félagsins. Jón Aðils spurði hver átti að taka eða gæti tekið að sér leikstjórnina, þar sem tveir leikstjórar hefðu tilkynnt að þeir gætu ekki tekið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hana að sér, en stjórnin hefði upplýst sá þriðji væri önnum hlaðinn.
Hannes Sigurbjörnsson, skoraði enn á ný á
H. Bj. að taka að sér leikstjórnina á þeim
grundvelli sem boðin væri, formaður gerði
sömuleiðis fyrirspurn til H. Bj. sama eðlis.
H. Bj. sagði slíkt útilokað. – Valur
Gíslason gerði grein fyrir afstöðu sinni og nokkru
leyti allrar stjórnarinnar. Sagði hann að
stjórnin hefði í lengstu lög vonað að hægt yrði
að ráða fram úr þessu deilumáli á þann
veg að full eining næðist um málið, en
það teldi stjórnin höfuð skilyrði til þess, að
þessi merka leikheimsókn geti orðið öllum
aðilum til gagns og gleði og félaginu til
fulls sóma, einsog allir hefðu gert sér
vonir um. Enn vænti stjórnin að svo
geti orðið þó hann yrði að játa að eftir
komu bréfs frá "Omu", sem hann þó áliti
að væri skrifað undir áhrifum augnabliks
bræði eða tilfinninga, áliti hann slíkt erfitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og gæti lið vinsamlega bréf P.R., sem sér
virtist vera sent til þess, ef ekki að afsaka
þá að milda ummæli frú Önnu, ekki að
fullu haft þar um. Bréf hennar hefði
orðið til að auka á óánægju og óeiningu og
þess vegna hefði stjórnin ekki séð sér annað
fært en leggja málið fyrir félagsfund.
Emilía Borg, Haukur Óskarsson, Alfred
Andrésson og fleiri létu það álit í ljós, að
fullar sættir yrðu að takast á milli deilu-
aðila, ef ekki ætti að hljótast enn meiri
vandræði af. Skoruðu þeir á aðal deiluaðila
að sættast þá þegar á fundinum. Þessi
tvö óskyld mál ~~[illegible]~~ yrði að aðskiljast.
Persónulegt nagg mætti ekki eyðileggja
slíkt menningarmál, sem hér væri um
að ræða. – Að gefnu tilefni upplýsti
formaður, að Þ.B.E. hefði á einum
fundi með stjórninni og leikritavalsnefndinni
tilkynnt að systir sín hefði haft auga-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað á Indr. Waage, sem leikstjóra við The Little Foxes, og var hún með skilaboð um þá ósk O. B. En þegar þessi tilmæli komu fram, höfðu sakir staðið þannig, að ráðgert var að hefja æfingar á þessu leikriti í byrjun april og ljúka að mestu æfingum í þeim mánuði, þar eð vitað var að koma norskra leikaranna í maí mundi trufla mjög æfingar þá. En vitað var að I. W. var þá mjög önnum kafinn við eigin leiksýningar, og mundi tæplega geta oft á þeim tíma (í april) sem flestir leikaranna höfðu aðgangs (vegna leiksýninga hjá félaginu) til æfinga. Af þeim sökum m.a. þótti ráðlegra að fela L. P. leikstjórnina, enda því ekki mótmælt af L. B. E. eða Remmertshjónunum.

Formaður bað fundarmenn nú taka afstöðu til þessa máls. Benti á að félagið yrði ~~það~~ eflaust lagt það til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lasts af holl ýrði við þessa leikhúsheimsókn. Tillögur L. S. var ekki hægt að bera undir atkvæði þar eð hún var bundin við að H. Bj. tæki að sér leikstjórnina, en hann þvertók fyrir það. V. Gíslason hvatti félagsmenn til að láta vilja þeirra ákveðið í ljósi um þetta mál. Það ýrði að fást úr því skorið hvort félagsmenn óskuðu að stjórnin héldi áfram með málið á þeim grundvelli, sem nú væri fyrir hendi, eða ekki. Sagði hann að stjórnin mundi haga sér í samræmi við ákvörðun fundarins, en hún mundi einnig fá óskiptan fullan stuðning allra þeirra, sem hún þyrfti að leita til. Stjórnin hefði sýnt Har. Björnssyni fullt „loyalitet" í þessu máli, og hún mundi gera sömu kröfu til hans. Nokkrar umræður urðu um um málið en ekkert nýtt kom fram. Þá var gengið til atkvæða um það hvort félagið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldi halda áfram og framkoma þessa lik-
limsókn á þeim grundvelli sem fyrir var.
Atkvæði féllu þannig. Já sögðu 10, nei
sögðu 14, tveir seðlar voru auðir. – Formað-
ur tilkynnti þá að með þessari atkvæða-
greiðslu væri þessi liklimsókn þeirra
Remmertshjóna á vegum félagsins úr sög-
unni og mundi stjórnin tilkynna þeim
ákvörðun fundarins. Fundi slitið

Aths. frá G. Pálssyni. Á undan atkvæða-
greiðslu kvatti hann fundarmenn til
þess að standa loyal með félaginu
hvernig sem atkvæði féllu.

[illegible signature]
Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 29. maí kl. 4 síðd. var haldinn aukafundur í Leikfélagi Reykjavíkur. Formaður setti fundinn og skýrði frá tilefni hans. Félaginu hafði borizt tilmæli eða tilboð um að senda leikflokk til Helsingfors og sýna þar Gullna hliðið 2-3 sinnum. Fyrstu tilmæli um þetta komu í bréfi frá sendiherra Svía í Helsingfors Otto Johanson og frú hans til Arndísar Björnsdóttur. Síðar hefðu komið ítrekuð tilmæli frá fleiri aðilum þar, t.d. íslenzka aðalræðismanninum í Helsingfors hr. Juuranto og ýmsum leiklistarvinum þar í borg, svo og Norræna félaginu þar. Stjórnin hafði skipað sérstaka nefnd til að rannsaka þetta mál nánar og gera ýmsar undirbúningsráðstafanir, ef til þess kæmi að unnt væri að taka þessu tilboði. Í nefndinni voru þau Arndís Björnsd., Lárus Pálsson og Þorsteinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G. Stephensen skipuð. Formaður gaf nú fk. Arndísi orðið, en hún var formaður nefndarinnar. A. Bj. skýrði nú málið og gerði grein fyrir undirbúningsstarfi nefndarinnar. Tilboð þetta frá Finnlandi kom frá áhrifaminum hóp leiklistarvina, þar á meðal mörgum málsmetandi og helstu leikhúsmönnum í Helsingfors, svo og frá Norrona félaginu. Sömuleiðis hefði komið fram ósk eða tilmæli frá Norrona félaginu í Stockholm og frá einum helsta leikhúsmanni Svía um að koma einnig til Stockholm og leika þar. Tilboðið frá Helsingfors, sem væri eiginlega það fyrst og fremst bæri að athuga, væri á þá leið, að haldnar yrðu 2-3 sýningar á Gullna hliðinu, allur kostnaður við leiksýningar, svo og uppihald og annar kostnaður leikaranna yrði greiddur af bjóðendum, ef afgangur yrði af tekjum, rynni hann til leikaranna eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsins. Félagið yrði að standa straum af ferðakostnaði til og frá Finnlandi. Nefndin hafði athugað hve mikill ferðakostnaður mundi verða, miðað við flugfar, með ísl. flugvélum, báðar leiðir. Hann yrði aldrei undir 40 - 50 þúsund krónur. Nú væri óhugsandi að leggja í slíkan kostnað án þess að opinber styrkur kæmi til greina. Nefndin hafði því leitað hófanna bæði hjá ríkisstjórn og borgarstjóra og ekki fengið beint afsvar. Nú væri fundarins að taka ákvörðun hvort félagið gæti sint þessu vinsamlega boði, svo framarlega að styrkur fengist fyrir ferðakostnaði. Hér í Reykjavík væri nú staddur aðalræðismaður Íslands í Helsingfors, sem væri einn aðalhvatamaður þessa máls og hefði tekið ábyrgð á öllum kostnaði í Helsingfors, og væri æskilegt að geta gefið honum ákveðið svar nú þegar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Málið var nú rætt á fundinum og töldu menn mjög æskilegt ef unt væri að vinna þessu máli í framkvæmd, en flestir voru þeirrar skoðunar, að ekki myndi tiltæki-legt að hugsa til sýninga í Svíþjóð líka, heldur binda sig eingöngu við Finnland og sjá hvernig þessari tilraun reiddi af, þareð enginn veit hver þröskuldur málið kann að vera fyrir slíkum leikheimsóknum eða leikförum frá Íslandi til Norðurlanda. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að halda málinu áfram, og vinna því í framkvæmd, svo framarlega sem nægjanlegur styrkur fengist. Samkvæmt ósk stjórnarinnar var kosin sérstök framkvæmdanefnd, utan stjórnarinnar, til að vinna að málinu. Í nefndina voru kosin, Arndís Björnsdóttir, Har. Björnsson og Hallgrímur Bachmann. Fleira lá ekki fyrir fundinum og var honum síðan slitið.

[illegible] Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur